

Sjálfbærniskýrsla Krónunnar 2023

KRÓNAN

Efnisyfirlit

Sjálfbærniskýrsla Krónunnar

Ávarp framkvæmdastjóra 3
Stefnan okkar 6
Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna 7
Markmið sem náðust í ár 8
Sigrar 9
Áskoranir 10
Umhverfisvegferð síðustu ára 11

1. Umhverfismál

Umhverfisstefna 13
Svansvottun 14
Matarsóun 15
Flokkun 18
Krónan og Hringrásarhagkerfið 21
Umbúðastefna 24
Umhverfisvænir orkugjafar 29
Krónan og samstarfsaðilar 33

2. Lýðheilsa og samfélag

Lýðheilsustefna 39
Styrkir til samfélagstengdra málefna 47
Viðburðir 55

3. Jafnrétti

Jafnréttisstefna 56
Það er gott að vinna í Krónunni 57
Fræðsla og þróun í starfi 65

4. Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti og stefnu Krónunnar 67
Daglegur rekstur og innkaup 68
Sjálfbærnimat birgja 69
Í öruggum höndum – viðhorfskönnun 70
Verðlaun og viðurkenningar fyrir árið 71
Kolefnisjöfnun 72
Sjálfbærniáhættumat 73
Fram á veginn - Markmiðin okkar 74

5. Ítarefni

Yfirlitstöflur, ítarefni og hugtök 76
Um skýrsluna + Sjálfbærniuppgjör 84

Ávarp framkvæmdastjóra

Nú er viðburðaríkt, krefjandi en virkilega skemmtilegt ár að baki. Við trúum því að sjálfbærnimál haldist í hendur við árangur og ánægju viðskiptavina okkar og starfsfólks. Þessi skýrsla er frábært tækifæri til að líta yfir farinn veg með stolti og auðmýkt, gleðjast yfir því sem vel gekk og læra af því sem betur mátti fara. Svo höldum við ótrauð áfram.

Í ár jukum við hlutfall LED lýsinga, umhverfisvænna kælikerfa og rafbíla. Við bættum við umbúðalausum lausnum, nýju hjólaskýli, betrumbættum flokkunaraðstöðu í verslunum og bættum einnig flokkunarhlutfallið okkar. Við hófum innleiðingu á FENÚR merkingu á umbúðirnar okkar og hjálpuðum fólki að spara með upplýstari kaupákvörðunum. Við innleiddum nýtt og betrumbætt ferli í móttöku nýliða og buðum starfsfólki okkar upp á fjölbreytt námstækifæri.

Við lögðum línurnar að matvöruverslun framtíðarinnar í samvinnu við skapandi fólk sem er að breyta heiminum, eins og Stúdió Fléttu, Bambahús, Samtökin ’78 og Listaháskólann. Við tókum á móti yfir 6.000 þátttakendum á Krónuviðburðum og héldum fótboltamót, hjólamót og drulluhlaup. Á hverjum viðburði var Krónuhjólið til staðar sem bauð keppendum upp á holla kosti. Við vorum svo heppin að fá að láta rödd okkar heyrast á stórum viðburðum eins og Hönnunarmars, Norrænu hringrásarráðstefnunni og Matvælaþingi.

Í gegnum samfélagsstyrk Krónunnar styrktum við ýmis verkefni sem hvetja til hreyfingar og heilbrigði yngri kynslóðarinnar og stuðla að uppbyggingu í samfélaginu. Í samvinnu við viðskiptavini okkar gáfum við 12 milljónir til góðgerðarmála í gegnum jólastyrk Krónunnar, en svo há upphæð hefur ekki verið gefin fyrr. Yfir 1% af hagnaði Krónunnar rennur til samfélagstengdra verkefna í formi styrkja, samstarfsverkefna og viðburða. Það höfum við gert síðastliðin ár en nú höfum við gert það að opinberri stefnu.

Við settum í fjórða gír á landsbyggðinni og hófum heimsendingar á Siglufirði og Ólafsfirði. Húsavík bættist við snemma á nýju ári og ljóst er af viðtökunum að viðskiptavinir kunna að meta þjónustuna, ásamt því að eftirspurn er á fleiri landsvæðum. Að einfalda líf viðskiptavina eru einkunnarorð stafrænnar þróunar innan Krónunnar, en fjöldi notenda Krónuappsins jókst um 95% á þessu ári.

Við hlutum Íslensku ánægjuvogina 7. árið í röð í upphafi árs sem skiptir okkur öllu máli, enda eru þetta verðlaun sem hver og einn starfsmaður Krónunnar á hlut í. Í Krónunni vinna yfir 1.000 einstaklingar og öll starfsemi fer fram í teymisvinnu þar sem allir leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Við erum gífurlega stolt af því að vera eitt fjölmenningarlegasta fyrirtæki á Íslandi og til að undirstrika það sendum við út jólakveðju á mörgum af þeim ólíku tungumálum sem starfsfólk okkar hefur að móðurmáli.

2023 var tímamótaár í sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja. Við fögnum því að kröfur viðskiptavina eru að aukast, samhliða því að lög og reglugerðir í Evrópu herðast. Á þessu ári höfum við farið í naflaskoðun hvað varðar sjálfbærnimál en við viljum auka gagnsæi enn frekar og skapa betra aðgengi. Því eru alls konar nýjungar í skýrslunni ár, sem nú mun heita sjálfbærniskýrsla.

Til að skerpa sýn okkar settum við okkur lýðheilsustefnu, en þannig leggjum við enn meiri áherslu á hollt og gott vöruúrval, upplýst val og að styrkja yngri kynslóðir.

Árið framundan er stútfullt af nýjum og spennandi verkefnum þar sem umhverfi og lýðheilsa eru í fyrirrúmi. Fleiri hringrásarverkefni, skapandi samstarfsverkefni, snjallar lausnir, rafvæðing, hollusta og gleði. Við getum ekki beðið að hefjast handa og það í góðu samtali við okkar viðskiptavini sem endranær.

Árið framundan er stútfullt af nýjum og spennandi verkefnum þar sem umhverfi og lýðheilsa eru í fyrirrúmi.

Guðrún Aðalsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri Krónunnar

Guðrún Aðalsteinsdóttir
CEO of Krónan

Letter from Our CEO

This report is an opportunity for us to look back on an eventful, challenging, but exciting year. We firmly believe that sustainability goes hand-in-hand with the success and satisfaction of our customers and employees. The making of this report gives us an opportunity to reflect on our journey andcelebrate our successes, but also make the necessary adjustments before forging ahead unabated on our sustainability journey.

We increased the percentage of LED lighting, environmentally friendly refrigeration systems, and electric vehicles. We introduced packaging-free solutions, a new bikeshelter, improved waste management facilities and labelling in our stores as well as improving our waste management ratio. We began implementing the FENÚR label on our packaging to support our customers in making more informed purchasing decisions. We introduced a new and improved process for onboarding new employees and offered our staff a wide range of learning opportunities.

We explored the future of grocery shopping in collaboration with creative individuals and organizations like Stúdíó Fléttu, Bambahús, Samtökin '78, and the Iceland University of the Arts. We welcomed over 6,000 participants at Krónan events, hosting soccer, cycling, and mud run events, with the "Krónan-bike" providing healthy snack options at each event. We were fortunate to voice our perspective at significant events such as DesignMarch, the Nordic Circular Conference, and the Food Congress.

Through Krónan's community support, we funded various initiatives promoting the health and wellness of younger generations and contributed to community development. In partnership with our customers, we donated 12 million ISK to charitable causes through Krónan's Christmas donation, a record amount. Over 1% of Krónan's profits go toward community-related projects, a long-standing practice now formalized as an official policy.

We expanded our grocery delivery services in the northern region of Iceland, with Siglufjörður and Ólafsfjörður coming onboard in late 2023, and then Húsavík added in January 2024. The positive reception and increasing demand in other regions demonstrates that customers value our services. Simplifying customers' lives is the mantra of our digital development andKrónan's app users increased by 95% in 2023.

Winning the Icelandic Customer Satisfaction Award for the seventh consecutive year means everything to us, as it is an accolade to every Krónan employee who contributes. With over 1,000 employees, we emphasize teamwork and pride ourselves on being one of Iceland's most multicultural companies.

2023 was a landmark year in corporate sustainability reporting. We welcome the growing customer demands alongside stricter European laws and regulations. This year we took a closer look at sustainability in our operation, taking steps towards even greater transparency and improved access. This report introduces various initiatives to sharpen our focus, including our renewed public health policy emphasizing healthy, informed choices and supporting youth.

The upcoming year is filled with exciting new projects focusing on the environment, and the community. We can't wait to get started and to engage and collaborate with our customers throughout our sustainability efforts.

Okkar samfélagslega ábyrgð

Við viljum hafa áhrif til góðs og sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Það gerum við með því að beina kröftum okkar að umhverfi og lýðheilsu, bæði í því sem Krónan gerir sem matvöruverslun en einnig í fræðslu og miðlun til viðskiptavina okkar til að hjálpa þeim að lifa heilsusamlegum og sjálfbærum lífstíl.

Við hugum stöðugt að úrbótum í okkar starfsemi til að stuðla að jákvæðum breytingum og minnka umhverfisáhrif af daglegum innkaupum viðskiptavina – og trúum því að í samvinnu við viðskiptavini okkar og þjónustuaðila getum við sífellt bætt okkur og byggt upp grænni og heilsusamlegri framtíð í sameiningu.

Við höfum sett okkur langtímamarkmið að verða nettó-núll árið 2035.

Krónan hefur kolefnisjafnað sína losun að fullu síðan 2021, en að minnka losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af okkar stærstu verkefnum. Þetta verkefni krefst skýrrar sýnar og raunhæfrar aðgerðaráætlunnar.

Stefnan

Hlutverk Krónunnar er að einfalda lífið í daglegum innkaupum viðskiptavina og markmið okkar er að vera fyrsta val allra þegar kemur að verslun á dagvörum.

Með því markmiði erum við að veita loforð um að koma réttu vöruúrvali í hendur neytenda á eins ódýran hátt og mögulegt er.

Grunnurinn er lagður með sterkum gildum Krónunnar - að vera umhverfisvæn, holl og snjöll - enda framtíðarsýnin að gera heilsusamlegan og sjálfbæran lífsstíl að sjálfsögðum hlut fyrir alla.

Hlutverkið
Við einföldum lífið í daglegum innkaupum

Markmiðið
Að vera fyrsta val í verslun á dagvörum



Framtíðarsýnin
Við viljum gera heilsusamlegan og sjálfbæran lífstíl að daglegum venjum allra

Heimsmarkmið

Samfélagsleg ábyrgð takmarkast ekki við eitt teymi innan Krónunnar, heldur vinnum við öll að því í sameiningu að hafa áhrif til góðs.

Með því að fá sem flesta að borðinu, jafnt Krónuliðið, birgja, samstarfsaðila eða viðskiptavini, sköpum við svigrúm fyrir frábærar hugmyndir sem við þróum og vinnum áfram. Við teljum mikilvægt að vinna ekki einungis í þágu samfélags okkar heldur samræma okkur við þau markmið sem unnið er eftir á heimsvísu. Frá árinu 2019 höfum við unnið að því að móta markmið okkar og samræma við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Við erum óhrædd við að prófa okkur áfram, vera brautryðjendur og vinnum að því að móta matvöruverslun framtíðarinnar – allt til að einfalda líf viðskiptavina okkar.

Markmið sem náðust í ár



100% LED lýsing fyrir lok árs 2023

Í árslok 2023 komumst við í 96%. Það var aukning um 4%.

55% kælikerfa Krónunnar verði CO2 kælikerfi

Það er komið 52%.
Því var um að ræða 3% aukningu.

Innleiðing á samnorrænu merkingarkerfi

Verkefnið er hafið með FENÚR merkingum á nýjum umbúðum frá okkur. Héðan í frá verða FENÚR merkingar á öllum nýjum umbúðum.

Segjum skilið við frauðplast, innleiðum endurvinnanlega og endurunna plastbakka í stað frauðplasts í kjötborði Krónunnar.

Á nýju ári verður gerð aðgerðaráætlun þar sem unnið er markvisst að því að fjarlægja frauðplast úr kjötborði.

Hlutfall rafmagnsbíla fyrir heimsendingu Snjallverslunar aukið úr 70% í 77%

Hlutfallið hækkaði upp í 73% á höfuðborgarsvæðinu. Við höfum aukið umsvif á landsbyggðinni en þar þurfum við fjórhóladrifna bíla. Því er aðeins 20% rafmagnsbíla á landsbyggðinni, en við stefnum að aukningu þar á nýju ári.

Best í rusli – tryggjum að aðstaða til flokkunar í öllum verslunum Krónunnar sé til fyrirmyndar og uppfylli allar kröfur nýrra hringrásarlaga

Flokkunarsvæði allra 26 verslana voru yfirfarin og betrumbætt. Á nýju ári munum við framleiða fræðsluskilti til að tryggja upplýsingaflæði og auðvelda starfsfólki að flokka.

Hjálpum fólki að spara með upplýstari kaupákvörðunum í kaupferli – ódýrari samanburðarvörur sýnilegri

Við bjuggum til sérstakan Ódýrt flokk í snjallverslun og merkjum ódýrari vöruri fyrir viðskiptavini. Við höldum þessari vegferð áfram á nýju ári með nýrri Ódýrt herferð.

Bætum við umbúðalausum lausnum og hvetjum til frekari notkunar – fleiri Krónukrana og þurrvörubari

Við settum upp nýjan þurrvörubar á Granda í byrjun árs.

Setjum upp fleiri hjólastanda hjá verslunum og yfirbyggð skýli

Við settum upp fyrsta skýlið við verslun Krónunnar og Elko í Skeifunni, ef viðtökur verða góðar munum við setja upp yfirbyggð skýli við fleiri verslanir.

Náum 80% endurvinnsluhlutfalli í öllum verslunum

Endurvinnsluhlutfall fór úr 78,3% upp í 79,4% í ár, sem þýðir að almennt sorp samsvaraði 20,6%.

Árið í tölum



79,4%
Flokkunar-
hlutfall.

96%
LED-lýsing
- aðeins ein
verslun eftir!



+95%
Aukin noktun
í Krónuappinu
á einu ári.

95%
Af matvælum
bjargað í gegnum
Síðasti séns!

65%
Innkaupakerra
framleiddar úr
endurnýttum
fiskinetum.

26
Verslanir á
landinu ásamt
Snjallverslun.

1.147
Starfsmenn í
Krónunni.

23
ár í smásölu
á íslandi.

6.250
þátttakendur á
Krónuviðburðum.

Eina
Svansvottaða
matvöruverslunin
á Íslandi.

Sjö
ár í röð, ánægðustu
viðskiptavinirnir í
íslensku ánægju-
voginni.

Áskoranir

Það eru ýmsar áskoranir sem verða á veginum á sjálfbærnivegferð okkar. Við fetum ótroðnar slóðir og erum stöðugt að læra. Með því að greina þessar áskoranir erum við betur í stakk búin til að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir. Helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir eru:

1

Að kveðja frauðplast:

Frauðbakkar eru enn helsta pakkningarlausnin í kjötborðum matvöruverslanna, en frauðplast er afar skaðleg tegund plasts. Krónan hefur verið að vinna að því að minnka frauðplast síðan 2019 en það hefur reynst meiri áskorun en talið var í upphafi.

Við höfum til að mynda unnið að þróun að sérstökum pappabökkum með sprotafyrirtækjum og þjónustuaðilum. Hins vegar hefur enn ekki tekist að finna lausn sem tryggir nægileg gæði og líftíma varanna og þar með vinnur hún ekki gegn matarsóun.

En við gefumst ekki upp og á nýju ári höldum við áfram þróunarvinnu og veitum auknu fjármagni í verkefnið svo að við getum sagt skilið við frauðplast að fullu.

2

Að auka eftirspurn á umbúðalausum lausnum:

Við erum afar stolt af okkar umbúðalausu lausnum og myndum helst vilja að auka vægi þeirra í verslunum okkar. Að versla umbúðalaust og fá áfyllingu kemur í veg fyrir framleiðslu á nýjum einnota umbúðum með tilheyrandi umhverfisáhrifum og kostnaði.

Sala á umbúðalausum lausnum hérlendis hefur gengið hægar en við vonuðumst eftir en við vinnum ótrauð áfram að því bæta lausnirnar og gera þær eftirsóknarverðari. Þannig verður ávinningur fyrir alla, ekki síst umhverfið.

3

Að ná 100% hlutfalli rafbíla í bílaflotanum okkar:

Markmiðið er að kaupa eingöngu rafbíla. Á sama tíma höfum við viljað bæta þjónustu okkar við landsbyggðina. Eins og tæknin er í dag, og til að tryggja öryggi og velferð bílstjóra, verða þeir bílar sem eru notaðir utan höfuðborgarsvæðisins að ganga fyrir eldsneyti.

Góðu fréttirnar eru þær að við erum sífellt að fjölga rafmagnsbílum á höfuðborgarsvæðinu og hækka þar með hlutfall þeirra í heimsendingum.

4

Að mæla Umfang 3 með nákvæmari hætti:

Það hefur reynst snúið að mæla Umfang 3 hjá stóru félagi eins og okkar, með margþætta starfsemi sem samanstendur af langri keðju framleiðenda, birgja og heildsala. Skortur á staðlaðri aðferðafræði og erfiðleikar við að fá nákvæmar losunartölur skapa mikið flækjustig, en búast má við að Umfang 3, sem tengist óbeinum umhverfisáhrifum, séu um 80-90% af heildarlosun félagsins.

Á nýju ári höfum við einsett okkur að telja fleiri þætti inni í Umfang 3 og greina frá þeim í næstu sjálfbærniskýrslu.

5

Að hafa jákvæð áhrif á langa aðfangakeðju:

Við erum hluti af umfangsmikilli aðfangakeðju og hluti af stærra matvælakerfi, sem er langt frá því að vera sjálfbært.

Aðfangakeðjur eru aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn og við viljum hafa jákvæð áhrif á aðra hagaðila.

Við getum ekki haft áhrif á stjórnarhætti eða rekstur annarra, en við vonumst til að geta verið öðrum til fyrirmyndar og hvatt aðra hagaðila til að leita leiða að sjálfbærari rekstri.

Umhverfisvegferð síðustu ára

2019

Settum upp afpökkunarborð í verslunum.

Hlutum Svansvottun fyrir tvær verslanir – í Garðabæ og Árbæ.

2020

Sögðum bless við alla smápoka úr plasti.

Byrjuðum að endurvinna allt okkar plast á Íslandi í samstarfi við Pure North.

Kvöddum burðarpoka úr plasti.

2021

Urðu allar verslanir okkar **Svansvottaðar.**

Byggðum upp innviði fyrir hringrásarverkefnið okkar **„Taktu poka - skildu eftir poka“.**

Tókum í notkun nýjar innkaupakerrur og -körfur, sem framleiddar eru úr endurunnum fiskinetum og plasti úr hafinu.

2022

Settum upp fyrstu umbúðalausu aðstöðurnar; **vatnskrana í Vík, Hreppamjólk í Lindum og sápubar á Granda.**

Settum upp fyrsta þurrvörubarinn okkar í Skeifunni.

2023

Settum af stað flokkunarkeppni til að betrumbæta flokkunarhlutfall.

Hófum jarðgerð á okkar lífræna úrgangi í samstarfi við Pure North.

Umhverfið

Umhverfisstefna Krónunnar leggur fyrst og fremst áherslu á fjóra þætti - að minnka matarsóun, nota umhverfisvæna orkugjafa, tryggja umhverfisvænt vöruúrval og sýna ábyrgð í sorpflokkun.

Við vitum að í krafti stærðar okkar getum við haft áhrif til góðs. Við hugum stöðugt að úrbótum í okkar starfsemi til að minnka umhverfisáhrif – og trúum því að í samvinnu við viðskiptavini okkar og þjónustuaðila getum við sífellt bætt okkur og byggt upp græna og sjálfbæra framtíð í sameiningu.

Til að skerpa sýn okkar í umhverfismálum höfum við betrumbætt umhverfisstefnu okkar, þar sem við setjum sorpflokkun og vöruúrval í áherslu. Sorpflokkun er einn stærsti hluti losunnar hjá Krónunni, en að flokka rétt og koma hráefnum í réttan farveg er mikilvægur hluti af hringrásarhagkerfinu. Að tryggja umhverfisvænt vöruúrval er ein besta leiðin til að hjálpa viðskiptavinum okkar að draga úr sínum umhverfisáhrifum.

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

13 AÐGERÐIR Í LOFTLAGSMÁLUM



Umhverfisstefna

Minnkum matarsóun

Að minnka matarsóun í allri aðfangakeðjunni – allt frá innkaupum og vörustýringu til sölu á matvöru sem er að renna út á tíma. Við hendum aldrei mat sem enn er neysluhæfur og flokkum í lífrænar tunnur þegar matvaran er ónýt. Við mælum og greinum matarsóun okkar reglulega til að koma í veg fyrir frekari sóun í framtíðinni.

Sýnum ábyrgð í sorpflokkun

Við viljum vera leiðandi í flokkun og leita leiða til að minnka almennt sorp. Við erum hlynnt hringrásarhagkerfinu og sýnum ábyrgð í sorpflokkun. Við flokkum og endurvinnum allan pappír og pappa, plastumbúðir og matarleifar sem falla til í starfseminni, ásamt því að safna textíl, málmi, gleri og spilliefnum. Við bjóðum upp á umbúðalausar og umhverfisvænar umbúðir að auðvelda og minnka sorpflokkun viðskiptavina okkar.

Notum umhverfisvæna orkugjafa

Krónan styðst við umhverfisvæna orkugjafa og 100% endurnýjanlega raforku. Græn umskipti eru nauðsynleg til að binda enda á notkun jarðefnaeldsneytis og koma í veg fyrir frekari loftslagshlýnun. Við nýtum þá orku sem við þurfum vel og leitum sífellt leiða til að takmarka orkunotkun eins og hægt er í allri starfsemi Krónunnar.

Tryggjum umhverfisvænt vöruúrval

Við leggjum áherslu á umhverfisvænt vöruúrval og sjálfbæra kosti. Við erum meðvituð um ábyrgð okkar sem tengiliður neytenda við matvælakerfið. Við nýtum okkur snjallar lausnir til að skapa gagnsæi fyrir neytendur, styðjum við staðbundna framleiðslu og hækkum hlutdeild lífrænna matvæla. Með réttu vöruúrvali sköpum við hvata til að velja sjálfbæra og heilsusamlega kosti, bæði fyrir viðskiptavini og umhverfið.

Svansvottun

Allar verslanir Krónunnar eru Svansvottaðar sem hluti af heildrænni umhverfisnálgun fyrirtækisins. Kröfur Svansins fyrir dagvöruverslanir ná yfir umhverfisþætti í rekstri verslana, svo sem matarsóun, orkunotkun og flokkun úrgangs, ásamt því að stuðla að framboði á lífrænum og umhverfisvottuðum vörum.

Hvað er Svansvottun?

Svansvottun er opinbert og vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum sem er meðal annars með það markmið að halda umhverfislegum áhrifum af vöru og þjónustu í lágmarki. Til viðbótar við þessar lágmarkskröfur Svansins þarf matvöruverslun að hafa náð tilteknum fjölda tilgreindra umbótaaðgerða til að hljóta vottun. Svansvottun er ekki eingöngu leið til að taka í taumana á umhverfismálum heldur hluti af almennu aðhaldi í gæðastjórnun og stuðlar að aukinni ráðdeild í rekstri.

Hvernig hjálpar Svansvottun Krónunni?

Krónan hefur verið Svansvottuð síðan 2019 og til að viðhalda þeirri vottun þarf að tryggja að ákveðið hlutfall af vörum í verslunum okkar séu lífrænar og umhverfisvottaðar og að rekstur Krónunnar miðist að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.
Það er okkur mjög mikilvægt að viðhalda vottuninni og halda áfram að breyta rétt í umhverfismálum. Viðmið Svansvottunar eru endurskoðuð á 3-5 ára fresti og það hjálpar okkur að setja raunhæf en krefjandi umhverfismarkmið í okkar rekstri.

Krónan er eina verslunin á landinu með Svansvottun og ein af þremur á öllum Norðurlöndunum!

Svansvottun Krónunnar þýðir að:

- **12% af öllum rekstrarvörum sem Krónan selur eru umhverfisvottaðar (vottaðar með Svaninum, Evrópublóminu eða annarri vottun).**
- **3% af matar- og drykkjarvörum eru lífrænt vottaðar.**
- **Áhersla er lögð á mælingar og greiningar á matarsóun og markviss unnið að því að sporna gegn henni. Það sama á við um flokkun og almennt rusl.**
- **Krónan er með virka orkustefnu og aðgerðaáætlun sem dregur úr orkunotkun.**
- **Krónan notar einungis umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur fyrir eigin þrif og rekstur.**
- **Hluti af nýliðaþjálfun er að veita fræðslu um Svansvottun verslunarinnar og hvað hún þýðir.**

Matarsóun

Eitt mikilvægasta verkefnið sem við tökumst á við er að lágmarka alla matarsóun. Við hendum ekki neysluhæfum mat og því seljum við vörur sem eru komnar „á síðasta séns“ á lægra verði í gegnum Síðasti séns verkefnið okkar, en það verkefni gegnir mikilvægu hlutverki í aðfangakeðju Krónunnar.

Ef varan selst heldur ekki á lægra verði bjóðum við viðskiptavinum okkar hana frítt. Það er svo ekki fyrr en varan er orðin óneysluhæf að hún er flokkuð í lífrænan úrgang. Með þessum aðgerðum tókst okkur að bjarga 2.126.736 stykkjum af matvælum á árinu sem höfðu verið skráð í rýrnun vegna minni ferskleika, útlitsgalla, umbúðagalla eða vegna fyrningardagsetninga sem nálguðust óðfluga.

Við erum afar ánægð að sjá þessar tölur, því þarna er um að ræða matvöru sem áður hafði farið ósnert í förgun.

Krónan fylgist með innkaupum og sölu daglega. Það gildir ekki síður um sölu vara í gegnum Síðasta séns því það er okkur kappsmál að minnka sóun í aðfangakeðjunni með betri innkaupum. Starfsfólk okkar sinnir daglega öflugu gæðaeftirliti og hefur heimild til að lækka verð á vörum ef stutt er í fyrningardagsetningu, umbúðir eru skaddaðar, ef varan á að hætta í sölu eða einfaldlega ef um er að ræða minniháttar útlitslega galla.

Viðskiptavinir Krónunnar hafa tekið þessu verkefni fagnandi því með þessu fá þeir vörur á góðu verði og við getum lagt okkar af mörkum til að draga úr matarsóun.

Við spornum gegn matarsóun í hverju skrefi

1 Vara pöntuð
Þegar vara er pöntuð er hugsað út í að það sé rétt magn á réttum tíma til að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir matarsóun.

2 Vöruhús
Þegar vara er móttekin í vöruhús er skráð hvenær hún rennur út. Virkt eftirlit er á dagsetningum í vöruhúsi.

3 Verslun
Vörur sem eiga styttri líftíma eru gefnar betri framstilling, svo þær séu auðsjáanlegri fyrir viðskiptavinum.

4 Síðasti séns
Þar gefst viðskiptavinum tækifæri á að kaupa vörur á veglegum afslætti, allt niður í 99 kr.

5 Gefins
Í ákveðnum tilvikum eru vörur gefnar, til að koma í veg fyrir að þeim sé hent.

6 Molta
Þegar vörur eru orðnar of þreyttar til að selja eða gefa fara þær í lífrænan úrgang. Þeim úrgangi er svo komið í jarðgerð.

Á síðustu árum höfum við bjargað um 95% af þeim matvælum sem annars hefði verið hent

Nýjar mælingar og greiningar á matarsóun

Aðgerðaráætlun okkar til að sporna við matarsóun byggist á viðmiðun Svansvottunar, sem hefur það að markmiði að lágmarka umhverfisleg áhrif.

Einu sinni í mánuði munum við greina mælingu á matarsóun og ástæðum fyrir henni. Stuðst er við niðurstöður þessara mælinga til að minnka matarsóun í framtíðinni.



1 Mælum

Tonnafjöldi lífrænna matvæla sem fara í jarðvegsframleiðslu, skipt niður í mánaðarlegt hlutfall á hverja verslun.

Matarsóun sem hlutfall af veltu í krónum og skipt niður í mánaðarlegt hlutfall á hverja verslun.

2 Greinum

– Hlutfall þess sem skráð er í rýrnun, hlutfall innkallaðra vara, hlutfall ferskvöru samanborið við þurrvöru, o.s.frv.

- Tekjur af matvælum ef þau eru seld á fullu verði í samanburði við þegar þau eru komin í Minnkum matarsóun eða Síðasti séns.
- Þjónustukostnaður við að sækja lífrænan úrgang og koma honum í réttan farveg.
- Kostnaður við notkun eigin moltuvéla (vinnsla, rafmagnskostnaður o.fl.).
- Förgun í vöruhúsi Bakkans, magn og kostnaður.

3 Grípum til aðgerða

Dæmi um aðgerðir væri að styrkja og bæta þá þætti í verkferli þar sem sóun á sér stað.

Dæmi um aðgerðir væru úrgangsforvarnir til starfsfólks

MOLTUN = MEIRI KOLEFNISBINDING + FÆRRI GRÓÐURHÚSA-LOFTTEGUNDIR!

Úr úrgangi í áburð
– samstarf við Pure North

Moltugerðartilraunir hafa nú farið fram í nokkrum verslunum Krónunnar og niðurstöður rannsókna á gæðum jarðvegsins eru virkilega jákvæðar og benda til þess að samsetning næringarefna sé gott.

Á árinu er stefnt að því að innleiða þetta ferli í fleiri verslunum og vinna markvisst að því að á næstu misserum verði Krónan sjálfbær hvað varðar meðhöndlun á eigin lífrænum úrgangi sem fellur til í verslunum.

Krónan er einn af fyrstu aðilunum á Íslandi til að taka í notkun jarðvegsframleiðsluvélar frá Pure North sem er ný lausn í meðhöndlun á lífrænum úrgangi. Helstu kostir vélanna eru að þær draga úr rúmmáli og þyngd lífræns úrgangs um 90% á aðeins einum sólarhring, sem t.d. dregur úr þörfinni fyrir flutninga á efninu frá verslunum. Það sem gerist á þessum tíma er að úrgangurinn breytist í lífrænan áburð og þannig endurheimtum við næringar-efni sem hægt er að skila aftur í hringrásina. Þetta hefur Umhverfisstofnun staðfest með ráðgefandi áliti.

Flokkun

Við höfum einsett okkur að vera leiðandi í flokkun og halda förgun á óflokkuðu sorpi í algjöru lágmarki.

Umhverfislegur og efnahagslegur ávinningur við að minnka almennt sorp er ótvíræður og því um verðugt markmið að ræða.

Við leitum stöðugt nýrra leiða við að bæta úrgangsstjórnun okkar og valdefla starfsfólk til að hjálpa okkur að því marki.

Flokkunarhlutfall





Almennt sorp lækkaði um 4.262 kg milli ára

Almennt sorp

Í fyrra settum við okkur það markmið að ná 80% flokkunarhlutfalli í verslunum Krónunnar, en hlutfallið fór úr 78,3% upp í 79,4%. Þó háleitt markmið hafi ekki náðst erum við afar stolt af því að vera sífellt að bæta okkur og höldum áfram að gera betur í flokkunarmálum.

Á nýju ári verða gerðar breytingar á meðhöndlun sorps, en innleiðing á jarðvegsframleiðslubúnaði í hluta af verslunum mun leiða til breytts flokkunarhlutfalls.

Fyrir næsta ár munum við því einblína á magntölur af almennu sorpi með það að markmiði að lækka þá tölu.

Almennt sorp 2023 var 471.770 kg. Árið 2022 var það 476.032 kg - 4.262 kg minna - þrátt fyrir að við opnuðum nýja verslun á Akureyri í lok árs 2022 og árið hafið verið söluhæsta ár Krónunnar frá upphafi. Aldrei hefur flæði af vörum í gegnum verslun okkar verið meira.



Heiðdís Inga Hilmarsdóttir, verkefnistjóri sjálfbærnimála
Daníel Viðar Guðmundsson, verslunarstjóri í Þorlákshöfn
Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar

Flokkari ársins 2023 með 87% flokkunarhlutfall var Krónan í Þorlákshöfn

Flokkunarkeppni Krónunnar

Til að gera enn betur í flokkunarmálum settum við af stað Flokkunarkeppni Krónunnar.

Verslanir kepptust um að koma sem stærstu hlutfalli af rekstrarúrgangi Krónunnar aftur inn í hringrásarhagkerfið. Keppnin er skemmtileg leið til að virkja starfsfólk í mikilvægi flokkunar og minna á nauðsyn umhverfisvitundar í okkar rekstri og afrakstur hennar var bættur árangur í flokkunarmálum, vitundarvakning og fræðsla.

Veitt voru verðlaun í þremur flokkum ásamt hástökkvara ársins, en í ár var það Þorlákshöfn sem fór með sigurinn með aðeins 13,3% af almennu sorpi. Hástökkvari ársins var Skeifan með 6,7% bætingu, en önnur verðlaun hlutu Selfoss og Akrabraut sem sigurvegarar í sínum stærðarflokki.

Hringrásarhagkerfi

Hringrásarhagkerfið er hagkerfi sem miðar að því að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi og hefur það að markmiði að draga úr auðlindanotkun og auka líftíma þeirra.

Neyslumenning nútímans og kröfur um þægindi hafa ýtt undir stuttan líftíma vara sem þýðir að harðar er gengið á auðlindir okkar. Hringrásarhagkerfið nýtir sér kosti deilihagkerfis þar sem framboð af þjónustu er aukið til þess að mæta þörfum almennings og atvinnulífs, frekar en framboð af nýjum vörum. Þegar vara er ekki lengur í notkun er efniviður vörunnar nýttur í nýtt hlutverk í nýju samhengi.

Hringrásarhagkerfið er mikilvægt fyrir alla þar sem árangur þar skilar sér í grænni framtíð fyrir okkur öll. En það er mikilvægt að allir taki þátt. Það er okkar hlutverk, sem ein stærsta matvöruverslun landsins, að koma í veg fyrir sóun á auðlindum, tíma og matvælum með því að leggja áherslu á að sporna gegn matarsóun og gefa öðrum efnivið nýtt hlutverk.

Hringrásarhagkerfið er mikilvægt fyrir alla þar sem árangur þar skilar sér í grænni framtíð fyrir okkur öll.



Í hverri verslun er að finna afpökkunarborð þar sem viðskiptavinir geta skilað pappa, plasti og batteríum. Við komum því svo í réttan farveg.

Hringrásarhagkerfi

Endurvinna

Afpökkunarborð og batteristandar

Umbúðir utan um matvörur eru nauðsynlegar til þess að varðveita vöruna og minnka matarsóun. En notaðar umbúðir geta einnig átt þátt í umhverfisvanda og plastmengun, sérstaklega þegar þær eru ekki flokkaðar eða endurnýttar.

Í flestum verslunum Krónunnar eru svokölluð afpökkunarborð þar sem viðskiptavinum er boðið upp á að flokka og skilja eftir plast- og pappaumbúðir. Við sjáum svo til þess að umbúðirnar séu flokkaðar og endurunnar á réttan hátt. Þetta er í samræmi við 12. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem miðar að ábyrgri neyslu og framleiðslu.

Nú er einnig búið að setja upp skilastöðvar fyrir rafhlöður í öllum verslunum Krónunnar.

Deila

Fjölnota pokar í deilihagkerfi

Notkun á fjölnota pokum hefur aukist gríðarlega síðustu ár og til að stuðla að því að þeir nýtist enn betur í daglegum innkaupum hefur Krónan leitað lausna til að koma þeim inn í hringrásarhagkerfið.

Deilihagkerfið **Taktu poka, skildu eftir poka** miðar að því að viðskiptavinir geti annað hvort gripið innkaupapoka sem aðrir viðskiptavinir hafa skilað til Krónunnar eða skilið eftir poka sem ekki var verið að nota. Fjölnota pokarnir eiga það til að hrannast upp í bílnum eða á heimilinu og því er gott að geta komið þeim í gagnið annars staðar. Þetta sjálfbæra hagkerfi kemur í veg fyrir framleiðslu á nýjum pokum, og sparar þannig bæði mikilvægar auðlindir og orku. Þessar sérstöku pokastöðvar eru staðsettar við afgreiðslukassa í flestum Krónuverslunum og eru allar tegundir poka velkomnar á pokastöðvunum. Það besta er að þetta er alfarið deilihagkerfi viðskiptavina okkar - við sköpum bara vettvanginn.

Endurframleiða

Grænu kerrurnar

Hluti af stefnu Krónunnar að taka þátt í hringrásarhagkerfinu felst í því að skipta út eldri innkaupakerrum og -körfum fyrir þær sem framleiddar eru úr endurnýttum fiskinetum og öðru endurunnu plasti úr sjónum.

Talið er að um 640.000 tonn af ónýtum fiskinetum liggi á hafsbotni víða um heiminn og valdi dauða hundruð þúsunda dýra á ári hverju. Með því að endurnýta þessi net, vinna þau í plastkurl og finna þeim nýtt líf sem umhverfisvænar innkaupakörfur í verslunum Krónunnar stuðlum við að því að halda hafinu okkar hreinu og miðlum um leið mikilvægri fræðslu til viðskiptavina okkar á áþreifanlegan hátt.

Árið 2022 voru grænar kerrur komnar í 11 verslanir Krónunnar og voru þær 42% af kerruflotanum okkar. Í ár eru verslanirnar orðnar 17 og grænar kerrur 65% af heildarhlutfalli allra innkaupakerra. Stefnt er að því að fjölga grænum kerrum áfram jafnt og þétt, en við nýtum þó eldri kerrur eins lengi og mögulegt er og skiptum þeim einungis út þegar þörf er á. Þannig höldum við áfram að feta veginn í átt að minni umhverfisáhrifum og fjölgun hringrásarlausna.

Eftir hrekkjavöku geta viðskipta-vinir skilað gömlum graskerum til okkar, við komum þeim í jarðgerð.

Hringrásarhagkerfi

Endurvinna

Grasker í hringrás

Hrekkjavakan hefur skipað sér stóran sess í starfsemi verslana á haustin. Árið 2022 byrjuðum við á hringrásarverkefni með graskerum þar sem viðskiptavinum bauðst að skila keyptu graskeri til okkar að hátíð lokinni og við sáum um að koma þeim í réttan farveg.

Í ár sáum við aukningu á skilum á graskerum um rúmlega 200 stykki, sem jafngildir um hálfu tonni.

Við hvöttum einnig til umhverfisvænni hrekkjavöku og vöktum athygli á margnota skrauti og leiðum til að minnka matarsóun. Við munum halda þessari þjónustu áfram í framtíðinni með það að markmiði að auka vitund um matarsóun og hringrásarhagkerfið.

Endurnota

Viðarkassar í hringrás

Við viljum koma fleiru í hringrás en pokum og graskerum.

Hjá Krónunni falla til viðarkassar af eplum sem hægt er að nýta í föndur, sem gjafakörfur og í eldivið. Einnig má oft finna stærri pappakassa sem henta vel fyrir matvæli eða flutninga.

Viðskiptavinir geta nælt sér í kassa í öllum verslunum Krónunnar án endurgjalds.

Hægt að nýta í föndur, sem gjafakörfu og eldivið. Stærri pappakassar henta vel fyrir matvæli eða í flutningum.

Endurnota

Grænmetiskassar í hringrás

Flestir viðskiptavinir kannast við kassanna sem geyma grænmetið okkar í framstillingum. Kassarnir, sem eru á vegum Sölufélags Garðyrkjumanna, eru í stanslausri hringrás milli bænda, Sölufélagsins og verslana.

Þannig er komið í veg fyrir óþarfa framleiðslu á nýjum kössum, en **Sölufélagið þvær um milljón kassa á ári hverju**. Þessi hringrásarsaga finnst okkur falleg og við viljum endilega breiða hana út sem víðast.

Árið 2016 komum við af stað sömu hringrás með bændum og birgjum erlendis frá, með græna samanbrjótanlega kassa sem ferðast um heiminn og í ár sendum við frá okkur u.þ.b. 300.000 kassa.

Þessir kassar stuðla einnig að betri meðferð í flutningi á ferskvöru en fæst með að nota pappa, þar sem grænu kassarnir eru úr sterkara efni, auðveldari í stöflun og meiri loftun fer um vöruna.

Umbúðastefna

Að draga úr umbúðanotkun hefur verið einn af lykilþáttunum í umhverfis- miðaðri nálgun Krónunnar sem snýr að viðskiptavinum. Við höfum unnið með söluaðilum og dreifingaraðilum að því að bjóða upp á umfangsminni umbúðir og markmiðið er að skipta út plasti hvar sem það er hægt. Með því að fjarlægja óþarfa umbúðir spörum við einnig viðskiptavinum vinnu við flokkun og drögum úr álagi á flokkunartunnur þeirra.

Stundum er það hægðarleikur að bjóða upp á vörur án umbúða, en í öðrum tilvikum þarf að taka tillit til þátta eins og matarsóunar, þar sem umfangsminni umbúðir geta þýtt að varan fyrnist fyrr eða er líklegri til að skemmast í flutningum. Það eru ýmsar umfangsmeiri áskoranir sem fylgja, svo sem að afla betri gagna um umbúðir sem söluaðilar nota og fá betri yfirsýn yfir þau margþættu áhrif sem það getur haft að fjarlægja umbúðir eða skipta út einni gerð umbúða fyrir aðra. Við viljum vera viss um að við séum alltaf að taka raunveruleg skref til umbóta. Þegar umbúðir eru óumflýjanlegar reynum við alltaf að endurnýta frekar en að endurvinna og hvetjum viðskiptavini okkar til að gera slíkt hið sama.



Nýtnivika

Í lok nóvember 2023 tók Krónan þátt í svokallaðri Nýtniviku, en það er samevrópskt átak sem hvetur fólk til að draga úr óþarfa neyslu. Yfirskrift vikunnar á síðasta ári var:

„Höfum það umbúðalaust“,

en þar hvöttum við viðskiptavini okkar til að draga úr notkun einnota umbúða. Minni notkun einnota umbúða leiðir til einfaldlega til þess að við nýtum betur verðmætar og tæmanlegar auðlindir og drögum úr tilfallandi úrgangi.



Með því að velja Krónukrana komu viðskiptavinir okkar í veg fyrir að 22.906 nýjar flöskur hafi verið framleiddar!

Krónukranar

Árið 2021 var fyrsti Krónukraninn settur upp í verslun okkar í Vík í Mýrdal og ári síðar bættist við krani í Krónunni á Granda. Við stefnum á að bæta við Krónukrönum í tvær verslanir á árinu 2024.

Framtakið var til komið vegna fyrirspurna viðskiptavina Krónunnar sem vildu greitt aðgengi að umhverfisvænum og umbúðalausum drykkjarkostum þar sem hægt er að fylla á fjölnota brúsa, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Krönunum var komið fyrir á aðgengilegum stöðum til að sem flestir geti notið aðgangs að því einstaka hreina vatni sem við Íslendingar erum svo heppin að eiga. Með þessu er vonin að draga úr notkun einnota plastbrúsa og ýta undir aukna vatnsneyslu Íslendinga.

Það seldust 106 kg af granóla á þurrvörubarnum!

Þurrvörubar

Frá því að verkefnið hófst fyrir rúmu ári síðan hafa verið settir upp þurrvörubarir í Skeifunni, á Granda og á Akureyri. Viðskiptavinir sem vilja temja sér vistvænni neysluhætti hafa tekið vel í umbúðalausu lausnirnar og okkar markmið er að stækka þann hóp enn frekar.

Á þurrvörubarnum er hægt að koma með eigin ílát að heiman, en einnig grípa pappírspoka til að fylla á ef ílátið gleymist, og boðið er m.a. upp á kúskús, rauðar linsur, nýrnabaunir, kjúklingabaunir, svartar baunir, hýðis- hrísgrjón og pasta. **Í ár lögðum við nýjung til barsins, en það er handgert eplagranóla.**

Árið 2023 seldust 1676 kg af þurrvöru með þessum hætti, en það samsvarar 3252 stykkjum af 500 gramma pokum. Hver notkun á barnum telur og því höldum við áfram að þróa þessa lausn í samtali við viðskiptavini okkar.

3.244 fjölnotaflöskur fóru í umferð í ár!

Hreppamjólk

Krónan býður upp á ískalda og ferska Hreppamjólk í glerflöskum beint frá bænum Gunnbjarnarholti í Skeiðar- og Gnúpverjahreppi.

Mjólkin er gerilsneydd og ófitusprengd og kemur frá býli þar sem hlúð er vel að kúnum og hugað að velferð þeirra. Markmiðið með þessu samstarfi er að færa mjólk og mjólkurvörur sem eru upprunamerktar og rekjanlegar beint til neytenda. Árið 2022 seldum við 585 lítra úr sjálfsala. Árið 2023 fórum við af stað með markaðsherferð og í ár seldust 4.874 lítrar. Alls fóru 3.244 nýjar fjölnota flöskur í umferð, en viðskiptavinir geta fyllt á sömu flöskuna aftur og aftur.

Sápubar

Á sápubarnum geta viðskiptavinir fyllt á sjampó- og sápubrúsa. Vörurnar á sápubarnum eru frá vörumerkinu FILL og er öllum innihaldsefnum í þeim aflað á sjálfbæran hátt og eru lífbrjótanleg. Að auki eru vörurnar grænkeravænar (vegan) og hafa ekki verið prófaðar á dýrum.

Hugmyndin með sápubarnum er að skapa jákvæða leið til að vekja neytendur til meðvitundar um umbúðanotkun ásamt því að veita aukin hægindi.

Með sápubarnum sparast pláss, þyngd og eldsneyti við flutninga, sem enn fremur dregur úr álagi á umhverfið og einfaldar flutningsferla Krónunnar.

2023 seldust 1.156 lítrar af sápu,

en það jafngildir 2.312 stykkjum af 500 ml flöskum!



Bændamarkaður

Á hverju hausti brjótum við hlutina upp og bjóðum upp á heilnæman og vistvænan bændamarkað með nýuppteknu grænmeti beint frá býli. Í ár var markaðurinn haldinn í sjöunda sinn í samstarfi við Sölufélag garðyrkjumanna, en sumarið 2023 var gróskusamt og því mikið úrval af hágæða grænmeti og ávöxtum.

Á markaðnum gefst bændum tækifæri til að kynna nýjar vörur fyrir breiðum hópi neytenda og viðskiptavinir fá að prófa sig áfram með nýjar uppskrift, til dæmis með aðstoð uppskriftasíðu Krónunnar. Í ár, eins og síðustu ár, voru spergilkál, blómkál, rófur, gulrætur, hvítkál vinsælustu vörurnar á markaðnum, en einnig seldist meira magn af hliðarvörum eins og lituðu blómkáli og kóralkáli.

Bændamarkaðurinn fer fram í öllum verslunum Krónunnar og allar vörur á markaðnum eru alfarið án plasts eða annarra umbúða og því eru viðskiptavinir hvattir til að mæta með fjölnota umbúðir til að ferja brakandi ferskt grænmeti heim í eldhúsið.

Yfir 60 tonn af ópökkuðu grænmeti fóru í gegnum verslanirnar á bændamarkaðinum



Umhverfisvænir orkugjafar

Við rekjum núverandi rafmagnsnotkun í öllum verslunum okkar og höfum unnið hörðum höndum að því að rafvæða alla þætti sem hægt er.

Á Íslandi búum við svo vel að raforka mætir stórum hluta af okkar orkuþörf, en það eru enn svið innan margra íslenskra fyrirtækja sem treysta á óendurnýjanlega orkugjafa og jarðefnaeldsneyti, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti.

Hjá Krónunni höfum við tekið til hendinni í orkunotkun rekstursins, t.d. með því að vinna að því að rafvæða allan bílaflotann okkar og bæta nýtingu þess rafmagns sem þegar er verið að nota.

Orkunotkun

Það þarf mikla raforku til að reka verslanir okkar en það er ýmislegt hægt að gera til að draga úr orkusóun.

Þess vegna veljum við orkusparandi búnað við byggingu nýrra verslana með því að nota lokaða kæla og frysta, CO2 vistvæn kælikerfi og LED lýsingu sem hefur leitt til 25–50% minni orkusóunar. Við það að skipta yfir í lokaða kæla hefur okkur einnig tekist að minnka upphitunarþörf verslananna okkar.

Heildarorkunotkun Krónunnar var 23.374.855 kWst á árinu 2023, eða næstum 300.000 kWst minni en árið áður.



Hlutfall CO2 kælikerfa í Krónunni

Rafbílafloti

Það er stefna Krónunnar að rafbílavæða allan bílaflota Snjallverslunarinnar og síðan 2021 hafa allir nýir bílar sem Krónan kaupir verið rafbílar.

Með þessari stefnu hefur hlutfall rafbíla í flotanum aukist statt og stöðugt og það gleður okkur að segja að hlutfallið af rafbílum á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2023 var orðið 73%, en helsta ástæðan fyrir því að þetta hlutfall er ekki hærra eru aukin umsvif okkar á landsbyggðinni þar sem aðstæður þar og núverandi tækni rafbíla bjóða hreinlega ekki upp á fulla rafbílavæðingu enn.

Með rafbílavæðingunni minnkum við kolefnisspor okkar, bætum loftgæði í kringum okkur og nýtum orkuna betur, sem er í samræmi við áherslurnar í okkar umhverfisstefnunni.

Við munum halda ótrauð áfram á þessari braut og nú eru hafa verið settar upp hraðhleðslustöðvar við verslanir Krónunnar í Lindum og Norðurhellu og stefnt er að því að setja upp hleðslustöðvar við fleiri verslanir á næstu árum til að auðvelda viðskiptavinum okkar að velja grænni samgöngumáta.

Hlutfall rafbíla á höfuðborgarsvæðinu í lok árs 2023 var orðið 73%

Snjallar lausnir og hugvit

Við höfum tekið snjalllausnum opnum örmum og innleitt þær í verslunum okkar til að einfalda viðskiptavinum lífið í daglegum innkaupum.

Við höfum nýtt íslenskt hugvit til að þróa vinsælar lausnir á borð við Skannað og skundað. Þar geta viðskiptavinir notað Krónuappið til að skanna vörurnar sjálf úr hillu og setja beint í innkaupapokann. Greitt er í appinu og QR-kóði notaður til að staðfesta viðskiptin á sjálfsafgreiðslusvæðinu. Þannig sleppur fólk við raðir og önnur flækjustig í innkaupunum.

Í dag skanna og skunda viðskiptavinir okkar með yfir 83 þúsund matarkörfur í hverjum mánuði og almennt hefur notkun Krónuappsins aukist um 95%. Einnig er gaman að segja frá því að Snjallverslun Krónunnar hefur mælst með hæstu meðmæli (NPS) á matvörumarkaði síðastliðin tvö ár í Meðmælingu Maskínu. Því er ljóst að sú forysta sem Krónan hefur tekið í innleiðingu nýrra tæknilausna er að skila sér í aukinni ánægju viðskiptavina.

2023 lögðum við sérstaka áherslu á landsbyggðina, þar sem við höfum verið að þróa áfram lausnir í heimsendingum til svæða sem hafa kallað eftir auknu vöruúrvali og þjónustu á hagstæðari verðum frá matvöruverslunum. Snjallverslunin þjónustar nú þegar 14 bæjarsvæðum á Norður- og Suðurlandi en við stefnum á að fjölga svæðum á næstu misserum.

Framhald í næsta poka / Bags that carry on.

Krónan og samstarfsaðilar

Það skiptir okkur í Krónunni miklu máli að vinna með skapandi fólki og fyrirtækjum sem geta hjálpað okkur að hugsa út fyrir rammann.

Á síðasta ári tókum við þátt í spennandi verkefnum með eftirfarandi samstarfsaðilum sem öll miðuðu að því að minnka umhverfisáhrif og að finna nýjar leiðir til að endurnýta það sem áður hefði verið fargað.

Framhald í næsta poka / Bags that carry on.

Stúdíó Flétta

Framhald í næsta poka var samstarfsverkefni Krónunnar og Hönnunar- mars þar sem gamlir taupokar viðskiptavina okkar eignuðust nýtt og spennandi framhaldslíf.

Pokunum, ásamt öðru gömlu efni frá Krónunni, var komið í hendur Stúdíó Fléttu sem hönnuðu nýja, vandaða og eftirtektaverða taupoka.

Stúdíó Flétta er hönnunarstúdíó sem leggur áherslu á staðbundna framleiðslu og fullnýtingu hráefna sem fara annars til spillis.

Með því að nýta og endurhanna gamla taupoka varpar Stúdíó Flétta ljósi á verðmætasköpun og stígur mikilvægt skref í hringrásarhagkerfinu.

Markmið verkefnisins var að vekja athygli á deilihagkerfi Krónunnar, Taktu poka, skildu eftir poka, sem gerir viðskiptavinum kleift að koma með gamla poka að heiman fyrir aðra viðskiptavini sem gleyma sínum poka. Með þessu verkefni jukum við vægi pokastöðva í verslunum en við tókum eftir mikilli ánægju viðskiptavina með átakið.

Listaháskóli Íslands

Í september hóf Krónan skemmtilegt samstarf með Listaháskóla Íslands, en Krónan var aðalviðfangsefni tveggja áfanga í hönnunardeild LHÍ.

Í verkefnunum var lögð áhersla á matvælakerfið og kerfislægar breytingar þar sem við fengum meðal annars að kynnast nýju hlutverki slátrarans, innkaupakerrum sem sýna kolefnisspor körfunnar og Krónunni sem gróðurhúsi. Verkefnin áttu það sameiginlegt að skapa umræður um fortíðina, framtíðina og mannlega þáttinn í matvöruverslun- inni. Við hlökkum til að halda þessu spennandi samstarfi við LHÍ áfram á nýju skólaári.

Einnig verða verkefni nemandanna kynnt á næsta Hönnunar- mars í Krónunni á Granda þar sem viðskiptavinir geta komið og skoðað skapandi hugmyndir nemendanna í því umhverfi sem veitti þeim innblástur.

Hvernig getur Krónan haldið áfram að þróast fyrir komandi kynslóðir?

Góðgerlablöndu er úðað yfir hráefnið og þá hefst for-gerjun sem kæfir slæma lykt og drepur sýkla!

Melta

Í ár hófum við samstarf með nýsköpunarfyrirtækinu Meltu, sem þróar hringrásarlausnir fyrir lífrænan heimilisúrgang í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Melta stendur fyrir tilraunaverkefni með rúmlega 50 heimilum í Rangárvallasýslu þar sem verið er að prófa nýtt heimaflokkunarkerfi fyrir lífrænt hráefni.

Þátttakendur verkefnisins fengu tvær loftþéttar flokkunarfötur og úðabrúsa með góðgerlablöndu. Í hvert skipti sem þau flokka lífrænt í flokkunarföturnar úða þau góðgerlum yfir hráefnið. Með þessu hefst það sem kallast "for-gerjun" í heimahúsum, en kostir hennar eru meðal annars að kæfa slæma lykt, drepa sýkla og sjúkdómsvalda strax, færri ferðir út með ruslið og að ekkert metangas myndast. Þátttakendur geta einnig nýtt næringuna sjálf.

Verkefnið stuðlar að einfaldari meðhöndlun á heimilisúrgangi og skilvirkari söfnun með lægri kostnaði og minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Krónan tók þátt í verkefninu með því að hýsa góðgerlaáfyllingastöð fyrir þátttakendur í verslun okkar á Hvolsvelli, þar sem þátttakendur gátu fyllt á úðabrúsa sem orðnir voru tómir. Verkefninu var vel tekið af Hvolsvellingum og margir lítrar af góðgerlablöndu fyrir heimili fólks voru sóttir. Verkefnið hefur gengið svo vel að á næstu mánuðum mun hefjast innleiðing á nýju flokkunarkerfi á sérstökum svæðum í Rangárvallasýslu.

Góðgerlabelja í verslun okkar á Hvolsvelli þar sem hægt er að fylla á tóma úðabrúsa!

Bambahús

Bambahús eru gróðurhús sem eru byggð úr endurunnum efnum og byggja alfarið á íslensku hugviti og framleiðslu.

Krónan hefur tekið upp samstarf við Bambahús og eitt af okkar fyrstu verkefnum var að gefa leikskólanum Rauðhól eitt slíkt gróðurhús í jólagjöf, en leikskólinn hlaut Bambahúsið eftir að hafa sótt um samfélagsstyrk Krónunnar.

Í Bambahúsum er hægt að rækta bæði grænmeti og ávexti allan ársins hring og með þeim er hægt að fræða leikskólabörnin um umhverfismál, matvæli og hringrás lífsins á líflegan hátt. Það gladdi okkur óneitanlega að sjá krakkana gæða sér á mandarínum, syngja jólalög og fylgjast spennt með þegar Bambahúsinu var komið fyrir á leikskólalóðinni.



Leikskólabörn fræðast um umhverfismál, matvæli og hringrás lífsins á líflegan hátt!

Lýðheilsa og samfélag

Krónan leggur áherslu á að styðja við lýðheilsu landsmanna með því m.a. að auðvelda viðskiptavinum okkar að gera betri kaup með auknu og góðu aðgengi að ferskvöru og hollari valkostum. Því röðum við hollari valkostum framar þeim óhollari í verslunum okkar og látum grænmeti og ávexti vera það fyrsta sem tekur á móti viðskiptavinum. Við leggjum okkur fram við að afla ferskustu ferskvöru sem völ er á og bjóða hana á eins lágu verði og hægt er - alla daga, allan ársins hring. Það er okkur sérstaklega mikilvægt að efla heilbrigði og lýðheilsu barna og þess vegna er það markmið Samfélagsstyrks Krónunnar að styrkja verkefni sem tengjast íþróttum, hreyfingu og lýðheilsu barna.

Lýðheilsumál hafa verið hluti af okkar starfsemi og gildum frá upphafi. Til að skerpa sýn í þessum málaflokki og tengja hann betur við okkar framtíðarsýn höfum við sett saman nýja lýðheilsustefnu. Þrír grunnstólpar nýrrar lýðheilsustefnu eru upplýst val, hollt og gott vöruúrval allan ársins hring og að styðja samfélagsleg verkefni.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Lýðheilsustefna

Við hjálpum viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir

Framtíðarsýn Krónunnar er að gera heilsusamlegan og sjálfbæran lífsstíl að sjálfsögðum hlut allra. Í gegnum fræðslu, miðlun og hvata gerum við viðskiptavinum auðveldara að velja umhverfisvænu og heilsusamlegu kostina og hjálpum þeim að taka upplýstar ákvarðanir.

Bjóðum upp á hollt og gott vöruúrval allan ársins hring

Loforð Krónunnar er að koma réttu vöruúrvali í hendur neytenda á eins ódýran hátt og mögulegt er. Við skilgreinum rétt vöruúrval sem fjölbreytta, holla og næringarríka valkosti og leggjum áherslu á ferskleika með ávöxtum og grænmeti. Við drögum fram lífrænar og aðrar vottaðar nýjungar með samstarfsverkefnum og efni á samfélagsmiðlum. Við hlustum á þarfir viðskiptavina og erum alltaf til í samtalið um hollar og umhverfisvænar nýjungar.

Styðjum samfélagstengd verkefni

Við styðjum samfélagstengd verkefni með áherslu á æskulýðs- og ungmennastarf í gegnum styrki, viðburði og samstarfsverkefni. Við stuðlum að fræðslu um hollustu, umhverfismál og sjálfbærni til yngri kynslóðarinnar og leggjum áherslu á holla valkosti. Við gefum 1% af hagnaði starfseminnar til verðugra samfélagsverkefna á hverju ári.

Biti fyrir börnin

Biti fyrir börnin er verkefni sem hefur verið starfrækt frá árinu 2016. Við vitum að börn hafa ekki alltaf þolinmæði fyrir innkaupaferðum foreldra sinna og viljum bjóða upp á eitthvað litríkt og nærandi til að gleðja yngstu viðskiptavini okkar og róa svanga maga.

Þess vegna bjóðum við upp á ókeypis ávexti fyrir börnin á sérmerktum stöðum í verslununum sem þau geta nartað í á meðan foreldrarnir gera sín innkaup.

Á árinu nældu litlir fingur sér í rúmlega 395.473 banana og 35.712 stykki af öðrum blönduðum ávöxtum í verslunum Krónunnar.

Börn hafa fengið sér um 3 milljónir af ávöxtum í verslunum okkar frá 2016



Krónuhjólið

Krónuhjólið var á sínum stað á íþrótta- og fjölskylduviðburðum Krónunnar og gladdi alls 6.250 þátttakendur á ýmsum Krónumótum í ár sem öll fengu gómsæta ávexti á meðan á keppni stóð.

Við viljum hvetja krakkana til að velja sér frekar hollt og ferskt snarl og setjum því það skilyrði að ekki sé leyfilegt að selja óhollustu á meðan á Krónumótum stendur.

Þetta er hluti af lýðheilsustefnu okkar og við trúum því að sýnileiki, upplifunin fyrir börnin að fá að velja sér ávexti af ávaxtahjóli og fjölbreytt úrval leggi grunninn að því að þau velji hollustuna fyrst áfram út lífið.



6.250 þátttakendur á Krónuviðburðum fengu sér gómsæta ávexti á árinu!

Halldóra Helgadóttir, verkefnastjóri ferla og umbóta
Fanney Bjarnadóttir, verkefnastjóri lýðheilsumála



Best núna

Við leggjum metnað í að bjóða upp á ferskvöru í hæsta gæðaflokki og þar fylgjum við takti náttúrunnar og undirstrikum það besta sem náttúran hefur uppá að bjóða.

Í hverjum mánuði drögum við fram árstíðarbundna uppskeru sem við viljum draga athygli að í ávaxta- og grænmetisdeildinni okkar og miðlum því til viðskiptavina Krónunnar. Þannig hjálpum við þeim að velja gæðavöru og gera góð kaup í leiðinni.

Janúar

febrúar

mars

Sérmerkingar

Við vitum að innihald, uppruni og eiginleikar vörunnar skipta viðskiptavini okkar sífellt meira máli. Það getur þó verið flókið og tímafrekt að lesa smáa letrið aftan á vörunum til að átta sig á því hvað þær hafa að geyma eða þeim flokkum sem þær falla í, t.d. hvort varan sé vegan eða Svansvottuð.

Með rafrænu hillumiðum Krónunnar er búið að einfalda þetta ferli til muna. Á þessum hillumiðum miðlum við ekki bara upplýsingum um verð vöru – heldur einnig hvort hún sé t.d. lífræn eða laktósafrí. Þannig einföldum við viðskiptavinum okkar lífið og hjálpum þeim að taka upplýstar ákvarðanir um innkaupin.

Á árinu deildum við 15 merkilegum merkjum með viðskiptavinum. Helstu þrjú má sjá á hillumiðunum í verslunum – en með því að skanna inn hvaða vöru sem er í Snjallverslun Krónunnar er hægt að sjá öll merki hverrar vöru í einni svipan.

Við stefnum að því að taka enn stærri skref í framtíðinni þegar kemur að því að miðla viðeigandi vöruupplýsingum, t.d. hvernig á að flokka umbúðir vörunnar og hvert kolefnisspor þeirra sé.



Lífrænt

Við vitum að viðskiptavinir Krónunnar biðja í auknum mæli um vörur sem eru lausar við gerviefni, rotvarnarefni og eru framleiddar á sjálfbærari hátt því matvæli sem eru ræktuð á lífrænan hátt innihalda hærra hlutfall vítamína, andoxunarefna, auk stein- og snefilefna.

Framboð Krónunnar á lífrænum valkostum fer því sívaxandi og er mikilvægur þáttur í heildarstefnu okkar að stuðla að heilbrigðum lífsstíl og draga úr álagi á vistkerfið.

Ávinningur af lífrænum vörum er margþættur, en þar má nefna að grænmeti og kornvörur sem eru ræktaðar á lífrænan máta státa af minna kolefnisspori vegna þess að þar er ekki notaður áburður sem framleiddur er með jarðefnaeldsneyti.

Lífrænar vörur eru gjarnan dálítið kostnaðarsamari en við leitum stöðug leiða til að halda verði á lífrænu vörunum okkar í lágmarki og auka aðgengi fólks að heilnæmri matvöru.

Það er markmið okkar að auka framboð af lífrænum matvælum jafnt og þétt næstu árin og skapa jákvæða hvatningu til að ýta undir eftirspurn. Það markmið er í takt við viðmið Svansvottunarinnar.

Vegan

Krónan tekur grænkerum fagnandi en þar er um að ræða blómstrandi samfélag neytenda sem gera kröfur um mikil gæði og ítarlega upprunagreiningu.

Að velja matvæli úr plönturíkinu í stað dýraríkisins er eitt stærsta (og jafnframt einfaldasta) skrefið sem við getum tekið til að minnka umhverfisáhrif okkar. Matvælakerfi heimsins er ósjálfbært, en dýraafurðir, og þá sérstaklega rautt kjöt, mjólkurvörur og eldisrækjur, eru sérlega slæmar þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda.

Við vitum að það getur verið flókið að skilja innihaldslýsingar. Því viljum við einfalda líf viðskiptavina okkar og hjálpa þeim að sjá hvort varan sé t.d. vegan eða lífræn. Því höfum við þróað vandað vöruupplýsingakerfi sem við notum til að miðla þessum upplýsingum til viðskiptavina okkar með rafrænu hillumiðunum okkar og Snjallversluninni.

Viðskiptavinum er boðið að koma með uppástungur í gegnum samfélagsmiðla Krónunnar varðandi framboð okkar á vegan vörum. Á hverju ári berast okkur hundruðir ábendinga sem við tökum saman og sendum beint á innkaupadeildina svo hún geti farið á stúfana.

Niðurstaðan er sú að Krónan er sífellt að auka úrvalið af grænkeravörum og meðal vinsælla nýrra vöruflokka 2023 má nefna góðgætið frá **El Taco Truck** og **Ellu Stínu.**

Ódýrt

Sem lágvöruverðsverslun keppist Krónan alla daga við að vera samkeppnishæf og með ódýrustu vörurnar á markaðnum í hverjum vöruflokki.

Viðskiptavinurinn getur elt „Ódýrt“ merkið í verslunum okkar og í snjallverslun og vitað með vissu að hann er að gera ódýrustu mögulegu kaupin í hverjum vöruflokki. Hann getur því borið saman þessar vörur við ódýrustu vörurnar í öðrum matvöruverslunum og tekið upplýsta ákvörðun í sínum daglegu innkaupum.

Styrkir til samfélagstengdra málefna

Krónan spilar veigamikið hlutverk í samfélaginu og í því felast rík tækifæri til að sýna stuðning í verki. Styrktaráætlun Krónunnar er okkar leið til að þakka stuðninginn og gefa til baka til nærsamfélagsins.

Styrkþegar eru af ýmsu tagi en áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem hvetja til heilbrigðs lífernis hjá börnum og unglingum, sem vinna að uppbyggingu í nærsamfélaginu og sem stuðla að heilbrigðu mataræði.

Samfélagsstyrkir

Frá 1. maí ár hvert bjóðum við einstaklingum og félagasamtökum að sækja um styrki frá Krónunni.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst og þá förum við yfir umsóknirnar og úthlutum styrkjunum síðla það haust. Alls bárust yfir 300 umsóknir í ár sem er metaðsókn og eru langflestir styrkþegar staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

Styrkþegar samfélagsstyrkja 2023

- ÍA, fyrir uppbyggingu yngri flokka í körfubolta.
- Hestaklúbbur Ysta-Gerði, dagskrá fyrir börn
  með sérþarfir eftir skóla.
- Skautafélag Akureyrar, fyrir kaup á leikja- og æfingapúðum.
- Körfuknattleiksdeild Keflavíkur,
  fyrir kaup á nýjum boltum og búnaði.
- Knattspyrnufélag Rangæinga,
  fyrir kaup á nýjum búnaði og forvarnarstarfi.
- Nýr íþróttaskóli á Reyðarfirði fyrir 4-6 ára,
  fyrir dagskrárstarf.
- Leikskólinn Rauðhóll,
  fyrir kaup á Bambahúsi til að rækta grænmeti.
- Leikskólinn Leikholt,
  fyrir kaup á Bambahúsi til að rækta grænmeti.
- Íþróttafélag ÍBV, fyrir kaup á nýjum búnaði
  og forvarnarstarfi.
- HK í Hópavogi, fyrir Krónumót yngri flokka í Knattspyrnu.
- Ráðlagður dagskammtur, fyrir kaup á æfingaskiltum
  á nýrri gönguleið í Vík.
- Karatefélag Reykjavíkur, fyrir uppihald íþróttastarfs.
- Ægir í Þorlákshöfn, fyrir knattspyrnudeild barna.
- Tindur í Reykjavík, Krónu sparkhjólamót barna.
- Íþróttafélagið Breiðablik, fyrir knattspyrnudeild barna.
- Íþróttafélagið KA, fyrir handknattleiksdeild barna.

Jólastyrkur

Með Jólastyrk Krónunnar býðst viðskiptavinum að styrkja góðgerðarsamtök sem sjá um matarúthlutanir fyrir jólin.

Söfnunin fór þannig fram að viðskiptavinum bauðst að styrkja fyrir 500 krónur eða meira og Krónan jafnaði þá upphæð á móti. Fólk hafði val um að taka þátt í styrktarsöfnuninni birtist sem hjartatákn í Krónuappinu, sem valmynd í sjálfsafgreiðslu eða var kynnt fyrir þessu af starfsfólki í afgreiðslu.

Þátttakan var vonum framar síðustu jól og söfnuðust heilar 12 milljónir sem 600 fjölskyldur nutu góðs af. Var með því slegið met í jólastyrkjum Krónunnar frá því að verkefnið hófst.

Upphæðin rann beint til hjálparsamtaka í nærsamfélaginu sem styðja þau sem þurfa á mataraðstoð að halda fyrir jólin. Styrkirnir eru veittir í formi gjafakorta svo að styrkþegar geti sjálfir valið í sína matarkörfu fyrir hátíðirnar.

Góðgerðarsamtökin sem hlutu styrki í formi gjafakorta frá viðskiptavinum og Krónunni í ár voru:

- Mæðrastyrksnefnd Akraness
- Mæðrastyrksnefnd Kópavogi
- Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar
- Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur Velferðarsvið
- Reykjanesbæjar
- Selfosskirkja
- Sjóðurinn góði í Árnessýslu
- Stórólfshvolskirkja
- Rauði kross Víkursvæðis
- Styrktarsjóður Landakirkju
- Jólasjóður Fjarðabyggðar
- Velferðarsjóður Eyjafjarðarsvæðis

Styrkir til Grindavíkur

Það hefur ekki farið framhjá neinum sú brýna neyð sem íbúar Grindavíkur stóðu skyndilega frammi fyrir undir lok árs 2023. Eldgosavirkni á svæðinu gerði það að verkum að íbúar þurftu í fyrstu að flýja heimili sín og skömmu eftir það var ljós að íbúar stæðu frammi fyrir umtalsverðu eignatjóni, fyrir utan alla þá röskun sem varð á atvinnustarfsemi og annarri starfsemi á svæðinu.

Krónan hefur átt í gjöfulu samstarfi við Rauða krossinn í gegnum tíðina og því lá beinast við að leita til þeirra frábæru samtaka þegar stóð til að leggja Grindvíkingum lið á þessum erfiðu tímum. Fyrir utan hefðbundin stuðning þá lýsti þetta sér einnig í því að starfsfólk okkar fór og eldaði morgunmat fyrir þá Grindvíkinga sem þurftu að gista í fjöldahjálparstöðinni.

Páskaegg til hælisleitenda

Með aðstoð hjálparsamtakanna „Get Together“ færði Krónan hælisleitendum um 50 páskaegg sem vöktu mikla lukku. Get Together eru sjálfboðaliðasamtök sem styðja við hælisleitendur og flóttafólk sem búsett er í Hafnarfirði og nágrenni, í samstarfi við Hafnarfjarðarkirkju og menningarmiðstöðina Hafnarborg. Samtökin hafa það að leiðarljósi að veita öllu flóttafólki og hælisleitendum stuðning, óháð trú eða þjóðerni. Leitast er við að rjúfa félagslega einangrun flóttafólks með því að skapa vettvang þar sem fólk getur hitt aðra í svipaðri stöðu og notið samvista í tryggu umhverfi. Þessi smávægilega gjöf var hugsuð sem vinabragð Krónunnar til að bjóða fólk velkomið í íslenska menningu og samfélag.

Hinsegin dagar

Krónan er gamalgróinn og stoltur styrktaraðili Hinsegin daga í Reykjavík og höfum við starfað náið með Samtökunum '78 til að tryggja að það framlag okkar sé gagnlegt og málefnalegt.

Þetta hefur sett mark sitt á ráðningarstefnu Krónunnar og stuðlað að jákvæðum breytingum í innviðum fyrirtækisins og auðgað samskipti okkar við hópa hinsegin fólks í samfélaginu. Við fögnum fjölbreytileikanum með því að taka þátt í litríku menningarhátíðinni Hinsegin dögum, sem haldnir voru dagana 8. - 12. ágúst síðastliðinn. Við gáfum hátíðinni einnig rými í verslunum okkar og stóðum fyrir litríkri stemningu, spiluðum tónlist eftir hinsegin listafólk og buðum upp á vörur þar sem ágóðinn rann til stuðnings Hinsegin daga. Einnig fengum við Albert Eiríksson, Albert eldar, til að töfra fram litríkan sumareftirrétt fyrir okkur í tilefni hátíðarinnar.

Hamingjuríka Hinsegin daga!

Matarbúr

Matarbúr Krónunnar er samstarfsverkefni með Samtökum smáframleiðenda matvæla (SSFM). Markmiðið með verkefninu er að auka aðgengi viðskiptavina að spennandi íslenskum matvörum og hjálpa íslenskum smáframleiðendum að taka sín fyrstu skref inn á matvörumarkaðinn eða ná til breiðari markhóps.

Smáframleiðendur fá kost á að prófa að selja vörurnar sínar í stórri matvöruverslun yfir fyrirfram ákveðið sölutímabil til reynslu og ef vörurnar fá hlýjar móttökur geta þær orðið varanlegur hluti af vöruúrvali Krónunnar. Margir smáframleiðendur, sem fengu sitt fyrsta hillupláss í Matarbúri Krónunnar, eru nú með vörur sínar í almennri sölu þar sem vörum þeirra var einstaklega vel tekið á prufutímabilinu 2023.

- Íslenskir smáframleiðendur matvæla þróa nýjar og verðmætar vörur úr ólíkum hráefnum; allt frá eigin frumframleiðslu, aðgengilegum og vannýttum hráefnum úr íslenskri náttúru og innfluttum hráefnum þegar innlend hráefni eru ekki í boði.
- Þeir eru ýmist staðsettir á höfuðborgarsvæðinu, í bæjarfélögum eða á lögbýlum hringinn í kringum landið og framleiða eins fjölbreyttar vörur og þeir eru margir.
- Þeir eru matarfrumkvöðlar og sprotar framtíðarinnar og stuðla að fæðuöryggi, sjálfbærni og staðbundinni framleiðslu.
- Íslenskir smáframleiðendur eru lítill en mikilvægur hlekkur í íslensku matvælakerfi, sem auka fjölbreytileika í úrvali íslenskra matvæla, fjölga atvinnutækifærum og auka byggðafestu.

„Fyrir þrem árum hófum við fyrst sölu á pestó og döðlumauki í Matarbúri Krónunnar. Það reyndist okkur frábær vettvangur til að hefja okkar vegferð og nú er varan okkar í sölu í nær öllum verslunum Krónunnar."

Markmið Matarbúrsins er að efla íslenska smáframleiðendur, efla fæðuöryggi og staðbundna framleiðslu.

Anna Marta Ásgeirsdóttir og Lovísa Ásgeirsdóttir, ANNA MARTA.

Þjóðleikhúsið

Í maí á síðasta ár gafst okkur tækifæri til að umbreyta einni af Krónuverslunum okkar í leiksvið, nánar tiltekið í grænmetisdeild Krónunnar á Granda. Leikritið heitir Aspas og er eftir rúmenska leikskáldið Gianina Cărbunariu, en uppfærslan er fyrsta leikstjórnarverkefni Guðrúnar Gísladóttur leikkonu með leikarana Eggert Þorleifsson og Snorra Engilbertsson í aðalhlutverkum.

Sýningin fjallar um verslunarferð erlends verkamanns og ellilífeyrisþega og áhorfendur fengu þráðlaus heyrnartól sem þeir gátu notað til þess að heyra í þankagangi mannanna tveggja sem leikritið fjallar um.

Hugmyndin með sýningunni er að má út mörkin á milli flytjenda og áhorfenda, leikhúsgesta og viðskiptavina og þetta er í fyrsta skipti sem vitað er til þess að leiksýning sé sett á svið inni í stórmarkaði. Aðgangur að sýningunni var ókeypis og fór fram á opnunartíma Krónunnar, því var ekki laust við að sýningin hafi vakið furðu viðskiptavina þegar þeir litu áhorfendur augum sem stóðu þögulir í kringum leikendur, klæddir blikkandi heyrnartólum.

Heimsending á stúdentagarða á betri kjörum!



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Á árinu hófum við heimsendingu á stúdentagarða á betri kjörum fyrir námsmenn og aðra í íbúðakjörnum sem hafa minna á milli handanna. Þessi nýjung varð til í framhaldi af því að Stúdentaráð Háskóla Íslands leitaði til okkar með þá hugmynd að bjóða námsfólki þjónustuna á hagstæðara verði. Krónan tekur öllum slíkum ábendingum fagnandi og gerð var tilraun með að bjóða upp á slíka þjónustu tvisvar í viku til að koma til móts við námsfólk. Tilraunin gekk vonum framar og eru slottin nú orðin fjögur í viku.

Límonæði

Drykkurinn LímonÆði fór í sölu í verslun Krónunnar í Garðabæ en drykkurinn var afrakstur nýsköpunaráfanga nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Nemendum hafði verið lagt fyrir að fullvinna viðskiptahugmynd frá grunni og niðurstaðan var sykurlaus, íslenskur svaladrykkur sem framleiddur var í samstarfi við Ægi brugghús og seldur hjá Krónunni. Það var okkur mikil ánægja að geta stutt við bakið á ungum viðskiptafrömuðum og hjálpað þeim að taka sín fyrstu skref á matvælamarkaði.

Viðburðir



Óhætt er að segja að Krúttlegasta Krónumótið sé einn af hápunktum viðburðaárs Krónunnar

Fótboltamót HK

Krónumót HK fór fram að venju eins og síðustu ár og það gladdi okkur mikið að sjá þá 5.000 kátu fótboltasnillinga sem mættu og kepptu á mótinu að þessu sinni.

Krónuhjólið sá svo til þess að keppendur og áhorfendur fengju holla og góða næringu. Allir keppendur fengu einnig glæsilega tösku með alls konar vinningum með sér heim að móti loknu.

Krúttlegasta Krónumótið

Hjólamótið Krúttlegasta Krónumótið fór fram í fimmta sinn síðastliðið haust í samvinnu við hjólafélagið Tind og Hjólaskólann. Um 300 krakkar á aldrinum þriggja til tólf ára þeyttust um brautirnar í Öskjuhlíðinni og stóðu sig með prýði.

Hjólakrúttin voru alveg niður í tveggja ára gömul og kepptu á sparkhjólum, en 6-12 ára hjóluðu tveggja til þriggja kílómetra langa hringi í Öskjuhlíðinni og voru hringirnir mismargir eftir aldurshópum. Krónuhjólið var að sjálfsögðu á sínum stað með fullt af ferskum ávöxtum og þeytingum fyrir þátttakendur.

Drulluhlaup

Drullu- og hindrunarhlaup Krónunnar og UMFÍ var haldið í annað sinn á árinu við miklar vinsældir. Met var slegið í þátttöku í þessu skítugasta hlaupi ársins, þar sem fólk vinnur saman að því að komast yfir hinar ýmsu hindranir eins og klifurveggi, forarsvöð og svakalega rennibraut.

Bæði heilu fjölskyldurnar og einstaklingar geta keppt í viðburðinum þar sem tíminn skiptir ekki máli og það eina sem gildir er að komast í mark. Áhersla er lögð á skemmtilega hreyfingu, gleði, samvinnu og samveru.

Krónuskotið

Krónan er stuðningsaðili Aftureldingar og Krónuskotið var fastur liður í leikjum meistaraflokks karla í knattspyrnu síðasta sumar.

Í hverjum heimaleik fengu nokkur börn og unglingar að spreyta sig á að hitta í mark í Krónuskotinu og þau sem náðu að senda boltann í netið fengu gjafakort frá Krónunni í verðlaun.

Jafnrétti

Jafnréttisstefnan okkar gengur út á að tryggja að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitundar, kyneinkennum eða kyntjáningu. Markmið stefnunnar er einnig að stuðla að og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum. Við vinnum markvisst að þessu með faglegu verklagi, gagnsæi og stefnumótun, enda vitum við að jafnrétti er ekki eitthvað sem gerist sjálfkrafa.

Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er andstætt stefnu okkar og á hverju ári gerum við ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsfólk okkar. Hverjum starfsmanni ber að stuðla að því að jafnréttisstefnunni sé fylgt, meðal annars með því að koma fram við samstarfsfólk, starfsumsækjendur og viðskiptavini af réttsýni og óhlutdrægni. Við viljum að öllum líði vel í Krónunni og að hjá okkur sé öllum mætt á þeirra grundvelli, jafnt starfsfólki sem viðskiptavinum.

Þessi stefna snýr einnig að því að leggja rækt við menntun og starfsþróun innan Krónunnar, til að styrkja stöðu einstaklingsins, gera honum kleift að nýta hæfileika sína í starfi og bæta vellíðan og starfsanda. Loks miðar Krónan að því að bjóða starfsfólki upp á sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda samþættingu fjölskyldulífs og vinnu. Við fylgjum lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, karla og fólks með hlutlausa skráningu í þjóðskrá, sem og öðrum reglum og lögum um að allir skuli fá greidd sömu laun fyrir jafn verðmæt störf.



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

10 AUKINN JÖFNUÐUR

Það er gott að vinna í Krónunni

Markmið Krónunnar er að vera fyrirmyndarvinnustaður þar sem áhersla er lögð á þjálfun, jafnrétti, heilsu og öryggi starfsfólks.

Hjá Krónunni starfa yfir þúsund manns og, eins og öll félög Festi, er Krónan með jafnlaunavottun VR. Það þýðir að starfsfólk sem vinnur jafn verðmæt störf fær jafn mikið greitt fyrir þau störf. „**Krónuhjartað**“ er leiðarljós þeirra sem starfa hjá Krónunni, en það snýst um að hafa einlægan vilja til að gera betur í dag en í gær. Við leggjum áherslu á að styðja við starfsfólkið okkar þegar kemur að því að ná árangri í starfi, gerum okkur far um að vera sanngjörn og gerum okkar besta til að tryggja jafnrétti, öryggi og persónuvernd fólksins okkar.

Fjölmenning

Til að undirstrika það hvað við erum stolt af fjölmenningunni í Krónunni settum við í loftið jólakveðju frá starfsfólki okkar með ólíkan bakgrunn.

Krónan er stolt af því að vera fjölmenningarfyrirtæki, en Krónuteymið samanstendur af 240 erlendum starfskröftum af 49 mismunandi þjóðernum og það markar 20% af Krónuteyminu. Það er á okkar ábyrgð að stuðla að því að allt okkar starfsfólk búi að sömu tækifærum innan félagsins, óháð uppruna og móðurmáli.

Á síðustu árum hefur starfsþróun starfsfólks af erlendum uppruna verið að færast í aukana og þessi hópur er í auknum mæli að færa sig yfir í ábyrgðar- og stjórnunarstöður.

Fjölbreyttum starfshópi fylgir aukin ábyrgð í tengslum við upplýsingaflæði og fræðslu, s.s. nýliðafræðslu, öryggisfræðslu o.fl. Við erum meðvituð um þetta og gætum þess að allt okkar efni sem viðkemur starfsfólki sé aðgengilegt á nokkrum tungumálum svo hægt sé að ná til okkar starfsfólks. Einnig styrkjum við starfsfólk til íslenskunáms og hvetjum alla sem hjá okkur starfa eindregið til að nýta sér tækifærið og reyna að ná góðum tökum á íslenskunni.

Okkar reynsla er sú að með því að leggja okkur fram við að efla þennan hóp starfsfólks muni það skila sér margfalt til baka til fyrirtækisins, t.d. sem aukinni starfsánægju. Við nýtum okkur jafnframt utanaðkomandi ráðgjafa sem sérhæfir sig í ráðgjöf og aðstoð við starfsfólk af erlendum uppruna.

Aðgerðir gegn mismunun

Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki öruggt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem þarfir starfsfólks og viðskiptavina fara saman. Krónan er með skýra stefnu og viðbragðsáætlun í málum er varða einelti, kynbundna- og kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Slík hegðun er ekki liðin hjá okkur og fræðum við starfsfólk okkar reglulega um hvaða hegðun og samskipti teljast óeðlileg. Fyrirtækið styðst við skilgreiningar 3.gr. reglugerðar nr.1009/2015 frá Vinnueftirliti ríkisins á hugtökunum einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi. Í árlegri vinnustaðagreiningu er starfsfólk spurt hvort það hafi orðið fyrir einelti/áreitni frá samstarfsfólki. Reglulega eru haldin vinnuverndarnámskeið þar sem starfsfólk Krónunnar fer saman yfir aðgerðir og stefnur sem varða einelti og áreitni, en þessi stefna er í takt við sáttmála Samtaka atvinnulífsins. Hægt er að tilkynna einelti með nafnleynd á öruggan hátt til hlutlausra ráðgjafa Siðferðisgáttarinnar ef starfsmaður verður fyrir óæskilegri framkomu eða upplifir vanlíðan á vinnustað. Það er alltaf gætt trúnaðar við meðhöndlun slíkra tilkynninga.

Starfsfólki stendur einnig til boða ýmis námskeið í tengslum við menningarmismun og fjölbreytileika og jákvæða endurgjöf. Öll námskeiðin sem boðið hefur verið upp á er hægt að nálgast sem myndbönd á fjölda tungumála sem hafa verið textuð. Námskeiðin eru bæði miðuð að starfsfólki af erlendum uppruna um hvernig það er að vera starfsmaður á Íslandi og sem fræðsla fyrir stjórnendur um hvað þarf að hafa í huga í tengslum við mannauð af erlendum uppruna.



Við leggjum áherslu á að starfsumhverfi okkar sé þannig að öllum geti liðið vel.

Gætt er að því að það sé starfsfólk sem hefur lokið skyndihjálparþjálfun í hverri verslun og námskeið eru í boði allan ársins hring!

Markmið okkar er alltaf að fólkinu okkar líði vel, jafnt í vinnunni sem utan hennar

Heilsa og öryggi í fyrirrúmi

Við fjárfestum af krafti í starfskröftum okkar en þá er mikilvægt að þeim líði vel í starfi. Við setjum hagsmuni og velferð starfsfólks í forgang og því leggjum við okkur fram við að byggja upp starfsumhverfi hjá Krónunni þar sem fólk getur dafnað. Það er nefnilega ekkert leyndarmál að heilnæmt og upplífgandi starfsumhverfi stuðlar að aukinni ánægju á vinnustað.

Við vinnum að þessu marki með ýmsum hætti, svo sem með því að styrkja starfsfólk til íþrótta- og tómstundaiðkunar, auk þess sem þetta fléttast vel inn í Velferðarpakkann okkar, þar sem starfsfólk getur sótt sér hina ýmsu styrki eða ráðgjöf þegar kemur að líkamlegri og andlegri heilsu.

Starfsfólk getur nálgast öryggiskennslu á innri vef Krónunnar en einnig höldum við öryggismánuð ár hvert þar sem lögð er áhersla á fræðslu um öryggi og vinnuvernd í starfsumhverfinu, ásamt áherslu á hreyfingu, heilbrigðan lífsstíl og geðheilsu.

Velferðarpakki Krónunnar

Starfslið Krónunnar er burðarstoð fyrirtækisins og við eigum allt okkar undir þessum öfluga hópi einstaklinga. Því hefur Krónan unnið að því að greina og innleiða úrræði sem geta stutt starfsfólk okkar í að sigrast á hverjum þeim hindrunum sem það kann að standa frammi fyrir.

Velferðarpakki Krónunnar er úrræði sem stendur öllu starfsfólki fyrirtækisins til boða, hvort sem það starfar í hlutastarfi eða fullu starfi. Markmið pakkans er að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu starfsfólks og því eru allir hvattir til að nýta sér það sem er í boði.

Innifalið í velferðarpakkanum er:

- Íþrótta- og tómstundastyrkur að upphæð 30.000 kr. á ári.
- Aðgangur að Heilsuvernd
- Tímar hjá sálfræðingum
- Ýmis konar sérfræðiþjónusta, svo sem markþjálfar, næringarfræðingar, uppeldisráðgjafar og hjónabandsráðgjafar
- Sjúkraþjálfun, en það var nýjung sem bættist við 2023

Sjálfbærni á vinnustað

Árið 2023 hóf Krónan sérstakt innanhússátak í sjálfbærni og umhverfisvitund sem lýsti sér á ýmsa vegu. Starfsfólki var boðið upp á fjölbreytta fræðslu sem snéri að sjálfbærni, s.s. umhverfisfyrirlestra, matarsóunafróðleik og kynningu á kolefnisspori hádegismatarins innan fyrirtækisins.

En átakið var líka kynnt með virkum hætti. Til dæmis var sett af stað flokkunarkeppni á milli verslana þar sem keppt var um hvaða verslun myndi skara fram úr í endurvinnslu og flokkun á því sorpi sem fellur til við reksturinn. Einnig var settur á fót skógjafamarkaður um jólin og skiptimarkaður meðan á umhverfisvikunni stóð og var öllum sem starfa hjá Festi samstæðunni boðið að taka þátt. Það mætti því segja að þar hafi verið sett upp agnarsmá eftirmynd þess hringrásarhagkerfis sem við vildum vekja fólk til aukinnar meðvitundar um og stefnan er að byggja enn frekar á þessum grunni framvegis.

Atvinna með stuðningi

Það er brýnt að starfsfólki finnist það búa við jafnan kost, jafnt aðgengi og öruggt vinnuumhverfi. En það er ekki síður mikilvægt að greiða leið fólks að vinnumarkaði og styðja við vegferð þeirra einstaklinga sem af einhverjum orsökum búa við skerta starfsgetu.

Ein leið sem hefur verið farin er að taka þátt í verkefni á vegum Vinnumálastofnunar sem kallast Atvinna með stuðningi (AMS). Við höfum tekið þátt í þessu verkefni í 24 ár og nú starfa um 30 einstaklingar í gegnum AMS hjá okkur. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni viðkomandi starfsfólks er höfð að leiðarljósi og að það geti ávallt leitað til stuðningsaðila innan verslunar sem aðstoðar það með glöðu geði þegar þörf er á.

Innri samskipti

Starfsfólk Krónunnar sér um að tryggja að upplifun Krónunnar skili sér rétt til viðskiptavinanna og þar spilar fræðslu- og samskiptaappið okkar #TeamKrónan veigamikinn þátt. Með appinu getum við styrkt öflug innri samskipti sem ná þvert á allt fyrirtækið þannig að allir geti tekið þátt og séu meðvitaðir um hvað sé í gangi hverju sinni. Í #TeamKrónan appinu má nálgast allar nauðsynlegar upplýsingar á þægilegan máta, auk þjálfunar og fræðslu.

Appið styttir boðleiðir, þar sem hægt er að hafa beint samband við t.d. mannauðsstjóra Krónunnar, verslunarstjóra í hverri verslun fyrir sig og annað samstarfsfólk. Krónuskólann er einnig að finna í appinu og nýliðaþjálfun. Þar er að finna mannauðs-, jafnréttis- og jafnlaunastefnur Krónunnar, auk upplýsinga um Velferðarpakka Krónunnar, tækifæri til starfsþróunar og fríðindi í starfi.

Hugmyndin er að hjá Krónunni hafi starfsfólk stöðugt aðgengi að öllu sem snýr að daglegum störfum, allt á einum stað. Því við vitum að jákvæð innri samskipti og sterkt upplýsingaflæði gerir Krónuna að snjallara fyrirtæki og veitir starfsfólki traustari grunn.

Markmiðið er að hækka þetta hlutfall enn frekar á komandi árum.

Stöðugt er verið að þróa tæknilausnirnar sem hjálpa Krónunni að uppfylla það markmið og spilar þátttaka starfsfólks þar veigamikið hlutverk.

Meðaltal virkra notenda í appinu 2021 var 20,1% en var komið upp í 68,5% árið 2022!

Hlutfallið heldur áfram að hækka en árið 2023 var það komið í 70,3%.



Krónuskólinn

Árlega fáum við inn fjölda starfsfólks sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í verslunum Krónunnar. Við vitum að fræðslan liggur til grundvallar aukinni vellíðan starfsfólks sem í kjölfarið stuðlar að jákvæðri upplifun viðskiptavina.

Fræðsla leggur grunninn að ánægju starfsfólks sem aftur leggur grunninn að góðri upplifun viðskiptavina. Með það að leiðarljósi höfum við starfrækt svokallaðan Krónuskóla, en hann samanstendur af sérstöku appi þar sem starfsfólk getur sótt rafrænt fræðsluefni á íslensku, ensku og pólsku í formi stuttra og hnitmiðaðra myndbanda og stöðugt er verið að bæta í safnið.

Við eigum einnig í farsælu samstarfi við Akademías þar sem allt starfsfólk Krónunnar hefur aðgang að fræðslusafni þeirra í gegnum Relesys.

Hugmyndin með þessu er að hjá Krónunni hafi starfsfólk greiðan aðgang að sömu upplýsingum og fræðsluefni og geti sótt sér frekari þekkingu á þægilegan máta, hvar og hvenær sem er.

Móttaka nýliða

Á árinu 2023 voru tímamót í móttöku nýliða hjá Krónunni. Þá tók við nýtt ferli þar sem allir sem höfðu nýlega verið ráðnir í fullt starf þurftu að ljúka þjálfun og fengu fræðslu um starfið og fyrirtækið áður en viðkomandi gátu hafið störf. Þjálfarinn fylgir ákveðnum gátlistum til að tryggja að allir fái sömu fræðslu og þjálfun í starfi en hlutverk verslunarstjóra er að fylgja þeirri kennslu eftir að nýliðar hafa lokið formlega kynningarferlinu.

Þessi eftirfylgni er mikilvæg því eftir mánuð í starfi er farið yfir árangur þjálfunarinnar með nýliðanum. Nýliðinn er inntur eftir endurgjöf um hvort hann telji sig hafa fengið alla þá fræðslu og þjálfun sem hann þarf til að sinna starfinu sínu. Í kjölfarið metur þjálfarinn metur hvort nýliði þurfi á frekari þjálfun eða fræðslu að halda en ef svo er ekki, telst nýliðinn „útskrifaður".

Þetta ferli hefur farið vel af stað og er ætlunin að þetta staðlaða þjálfunarferli muni veita aukna samhæfingu og létta þjálfunarstarfið til lengri tíma litið.

Móttaka erlendra nýliða

Krónan býður einnig upp á afmarkaða fræðslu sem beinist að erlendu starfsfólki sem er að stíga sín fyrstu skref á íslenskum vinnumarkaði. Námskeiðið er haldið á vegum Vinnumálastofnunnar, að frumkvæði Félagsmálaráðuneytisins, og boðið er upp á yfirgripsmikið kennsluefni í samfélagsfræðslu.

Allt kennsluefnið er aðgengilegt á níu tungumálum. Helstu áherslur fræðslunnar er að starfsskrafturinn öðlist þekkingu á mikilvægum sögulegum, félagslegum, efnahagslegum, menningarlegum, lagalegum og pólitískum aðstæðum á Íslandi. Einnig fær hann tækifæri til að tileinka sér þekkingu um eigin réttindi, tækifæri og skyldur í íslensku samfélagi og hvernig nýta megi þessa þekkingu í daglegu lífi.

Loks er okkur mikilvægt að erlendir nýliðar geti tjáð sig um íslenskar aðstæður og þau grundvallargildi og áskoranir sem þeir þurfa að takast á við í íslensku samfélagi.

Allt kennsluefni er aðgengilegt á níu tungumálum!

Fræðsla og þróun í starfi

Það er mikilvægt fyrir okkur að fólk sjái framtíð fyrir sér hjá okkur, möguleika til að sækja sér menntun og taka á sig aukna ábyrgð. Til að tryggja framgang og þróun í starfi styðjumst höfum við mótað eigin fræðslustefnu.

Fræðslustefna Krónunnar

Það er okkur fátt mikilvægara en að næra starfsfólk okkar og metnað þeirra og byggja upp sterka liðsheild. Ef starfsfólk okkar er að velta fyrir sér nýju hlutverki eða takast á við nýjar áskoranir innan fyrirtækisins þá veitum við þann stuðning og hvatningu sem með þarf. Áhersla er lögð á að allt starfsfólk hafi jafna möguleika á fræðslu, þjálfun og starfsþróun. Við hvetjum starfsfólkið okkar eindregið til að sækjast eftir tækifærum til að þróast í starfi innan Krónunnar, hvort sem það er frá kjötdeildinni yfir í vaktstjórann eða færa sig úr skrifstofunni yfir í bein samskipti við viðskiptavini.

Við teljum það lykilatriði að fólk sé vel upplýst um fyrirtækið og starfið til að því geti liðið vel í starf. Krónan vill að starfsfólk sé vel þjálfað og meðvitað um nýjungar í sinni starfsgrein þannig að fyrirtækið geti viðhaldi forystu á sínu sviði. Starfsfólk er þjálfað í samræmi við fræðsluáætlun sem er byggð á þörfum starfsfólks og reksturs út frá starfsmannasamtölum og vinnustaðagreiningum.

Starfsþróun er ferli sem leiðir til umbóta og byggist á aukinni hæfni og þekkingu sem nýtist starfsfólki og stjórnendum til að auka gæði og ánægju í starfi.

Nám í boði

Til að stuðla að aukinni þekkingu og starfsþróun býður Krónan starfsfólki sínu upp á eftirfarandi úrræði

Fagnám verslunar og þjónustu

Námið er samstarf Verzlunarskóla Íslands, Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ýmissa verslunar- og þjónustufyrirtækja á Íslandi. Námið er sérsniðið fyrir starfandi verslunarfólk og er svar við kalli eftir breytingum á vinnumarkaði og auknum möguleikum til menntunar og þjálfunar í verslun og þjónustu. Markmið námsins er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun.

Diplóma í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Þetta er tveggja ára nám með vinnu og er kennt bæði í fjarnámi og staðlotum sem standa yfir í sjö vikur. Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er nám fyrir verslunarstjóra. Styrkur námsins liggur í virku samstarfi við atvinnulífið. Námið er metið til eininga í áframhaldandi námi í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. Nemendur sem útskrifast með diplómagráðu í verslunarstjórnun geta því haldið áfram námi til BS gráðu í viðskiptafræði, kjósi þeir það.

Raunfærnimat

Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Það gerir færni og þekkingu sýnilega með því að meta hana á móti formlegu námi eða kröfum atvinnulífsins. Nemendur geta síðan fengið raunfærnimatið (diplóma) metið til eininga á móti kenndum áföngum. Þannig fá einstaklingar með starfsreynslu og hæfni slíkt metið til eininga og styttingar á námi sínu. Starfsfólk fær svigrúm og fjárhagslegan styrk frá Krónunni til að sinna náminu og þáttum tengdum því.

Atvinnutengt nám

Krónan er í samstarfi við grunnskóla landsins um atvinnutengdu námi. Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem af ýmsum ástæðum, s.s. námserfiðleikum, námsleiða eða félagslegum erfiðleikum hafa dregist aftur úr í námi og líður almennt ekki vel í skóla. Tilgangurinn með atvinnutengdu námi er að styðja við einstaklingsmiðað nám, bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim kost á að kynnast ólíkum hliðum atvinnulífsins.

Íslenskunám fyrir erlent starfsfólk

Krónan styrkir starfsfólk sem langar að ná tökum á tungumálinu okkar til íslenskunáms. Hjá Krónunni starfar mikill fjöldi starfsfólks af erlendum uppruna, sem oftar en ekki er að stíga sín fyrstu skref á íslenskum vinnumarkaði. Sem fjölmenningarfyrirtæki er það á ábyrgð Krónunnar að stuðla að því að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri innan félagsins, óháð uppruna og móðurmáls. Það er að mörgu að hyggja til að þessum hópi líði sem best í vinnunni og hafi öll þau tæki og tól sem nauðsynleg eru til að þróast áfram í starfi.

„Ég hef unnið í Krónunni í tvö ár, en með vinnu er ég að læra fagnám verslun og þjónustu. Krónan hjálpar mér að ná einstaklingsbundnum markmiðum mínum á vinnumarkaði. Farvegurinn er í boði og námsgangan veitir mér ný tækifæri.”

Viktor Örn Axelson,
vaktstjóri í Krónunni Austurveri.

Stjórnarhættir

Stefna okkar er ná sem flestum sjálfbærnimarkmiðum sem við setjum okkur á ári hverju og leita sífellt nýrra lausna til að minnka umhverfisáhrif og að samþætta umhverfislega og félagslega sjálfbærni enn betur við starfsemi okkar.

Við lærum óhrædd af því sem má betur fara og prófum okkur áfram með umhverfisvernd og nýsköpun að leiðarljósi. Siðareglur eru aðgengilegar á heimasíðu móðurfélagsins Festi og gilda um alla starfsemi Krónunnar.

Daglegur rekstur og innkaup

Stjórn Krónunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Framkvæmdastjóri Krónunnar ber ábyrgð á rekstri Krónunnar og annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu, starfsreglur og fyrirmæli stjórnar.

Í innkaupareglum okkar eru ákvæði um samfélagslega ábyrgð. Birgjar bera ábyrgð á því að þær vörur sem þeir selja eða sú þjónusta sem þeir bjóða upp á séu samkvæmt lögum og reglum. Bæði birgjar og Krónan votta að starfsemi þeirra virði verndarákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála og taki ekki þátt í mannréttindabrotum. Við vinnum líka gegn hvers kyns spillingu og tryggjum að enginn þeirra aðila sem við skiptum við hafi gerst uppvísir að nauðungar-, þrælkunar- eða barnavinnu.

Með Svansvottun Krónunnar fylgja einnig skýrar kröfur um ábyrg innkaup, sem hafa meðal annars stuðlað að auknum innkaupum á lífrænum og umhverfisvottuðum vörum.

Sjálfbærnimat birgja

Í lok árs setti Krónan siðareglur fyrir birgja sem eiga sér stoð í sjálfbærnistefnu Festi samstæðunnar, móðurfélagi Krónunnar, en innleiðing hefst á nýju ári. Tilgangur reglnanna er að skapa áreiðanlegt og traust umhverfi í kringum innkaup samstæðunnar og styðja við sjálfbærnimarkmið hennar. Með því að gera skýrar kröfur til birgja okkar viljum við hafa mótandi áhrif á aðfangakeðjuna á átt að enn ábyrgari og sjálfbærari framleiðslu og viðskiptum.

Krónan gerir þá kröfu að birgjar fylgi gildandi lögum og reglum. Auk þess gerir Krónan eftirfarandi kröfur til birgja sinna sem skiptast í eftirfarandi UFS flokka:

Umhverfismál

- Þekki umhverfisáhrif starfsemi sinnar og leitist við að draga úr neikvæðum áhrifum hennar með ábyrgum hætti.
- Geri sér grein fyrir loftlagsáhrifum af sínum rekstri og beiti markvissum aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni.
- Afhendi sorp til endurvinnslustöðva sem flokkað er eftir viðeigandi viðmiðum og reglum hverju sinni.

Félagslegir þættir

- Virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi sbr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og reglum um réttindi barna sbr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafni með öllu mannréttindabrotum svo sem hvers kyns nauðungar- eða þrælkunarvinnu.
- Virði félagafrelsi og kjarasamningsbundin réttindi starfsfólks á hverjum tíma.
- Skapi starfsumhverfi sem stuðlar að jafnrétti og umburðarlyndi og líður ekki einelti, ofbeldi, áreitni eða mismunun af neinu tagi.
- Tryggi öryggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt.

Stjórnarhættir

- Stundi heilbrigða viðskiptahætti
- Setji sér siðareglur og vinni gegn nokkurs konar spillingu.
- Eigi traust samskipti og virði þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar.

Tilgangur reglnanna er að skapa áreiðanlegt og traust umhverfi í kringum innkaup samstæðunnar og styðja við sjálfbærnimarkmið hennar.

Í öruggum höndum – viðhorfskönnun

Krónan kom vel út úr viðhorfskönnunum meðal viðskiptavina á árinu og mældist m.a. einkar vel þegar spurt var út í ímynd stjórnenda.

Æðstu stjórnendur fyrirtækja eru oft andlit þeirra í huga neytenda og því mótar ímynd stjórnenda gjarnan ímynd vörumerkja. Umræða um óreiðu í stjórnun fyrirtækja getur ýtt undir tortryggni eða vantraust í garð vörumerkisins en jákvæð umræða getur aukið traust. Í lok árs voru viðskiptavinir spurðir út í viðhorf þeirra til stjórnunarhátta Krónunnar og ánægjan mældist 14% yfir það sem gengur og gerist, jafnt í flokki matvöruverslana og meðal almennra fyrirtækja á Íslandi. Er því um gríðarlega jákvæða niðurstöðu að ræða.



* Skv. Vörumerkjakönnun brandr 2023

Ánægðustu viðskiptavinirnir

Viðskiptavinir Krónunnar eru þeir ánægðustu á matvörumarkaði, sjöunda árið í röð, samkvæmt niðurstöðum Íslensku ánægjuvogarinnar. Markmið ánægjuvogarinnar er að láta fyrirtækjum í té mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum og viðskiptavild.

Krónan hlaut hæstu einkunn á meðal verslana á matvörumarkaði með marktækum mun, eða 73,7 stig af 100 mögulegum. Starfsfólk Krónunnar vinnur þrotlaust að því á hverjum degi að mæta þörfum viðskiptavina með því að veita þeim framúrskarandi þjónustu og þróa snjallar lausnir til að gera kaupupplifun þeirra enn ánægjulegri. Það er því svo sannarlega gleðilegt að sjá að sú vinna hefur skilað sér í ánægju Krónuvina.

Kolefnisjöfnun

Við vitum að það er ekkert eitt svar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þess vegna vinnum við daglega að því að minnka umhverfisáhrif okkar á ólíkum sviðum. Eitt af þeim skrefum er að kolefnisjafna heildarlosun Krónunnar, en þannig tökum við ábyrgð á eigin starfsemi, leggjum okkar á vogarskálarnar í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og sýnum fram á skuldbindingu okkar til sjálfbærni í matvælakerfinu.

Frá árinu 2021 hefur Krónan kolefnisjafnað losun sína að fullu, en að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af okkar helstu verkefnum. Við höfum sett okkur langtímamarkmið að verða nettó-núll árið 2035. Við stefnum á nettó-núll í Umfangi 1, 2 og 3 að hluta, þar sem Umfang 3 hefur ekki verið reiknað að fullu. Verkefnið styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 6, 11 og 13.

Fyrir árið 2023 voru bæði keyptar vottaðar og óvottaðar kolefniseiningar til að jafna mælda kolefnislosun Krónunnar. Vottuðu einingarnar eru keyptar erlendis frá en einnig voru keyptar einingar frá Kolviði til að stuðla að markmiðum um kolefnishlutlaust Íslands 2050.

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu á umfangi mengandi gróðurhúsalofttegunda er útblæstri skipt upp í Umfang 1, 2 og 3. Umfang 1 er beinn útblástur frá fyrirtækinu, Umfang 2 vísar til orkunotkunar fyrirtækisins, ásamt hita- og rafmagnsnotkun og Umfang 3 nær til óbeinna áhrifa sem falla til vegna t.d. úrgangs í rekstri og viðskiptaferða.

Loftslags- og sjálfbærnimál verða sífellt veigameiri í starfsemi félaga Festis og hjá Krónunni höldum við ótrauð áfram í átt að aukinni sjálfbærni og leitum leiða til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Hjá Krónunni höldum við ótrauð áfram í átt að aukinni sjálfbærni og leitum leiða til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Sjálfbærniáhættumat

Loftslagsbreytingar ógna starfsemi ýmissa fyrirtækja á verulegan hátt, þar með talið matvöruverslana, þar sem þær eru hluti af langri og umfangsmikilli aðfangakeðju og glíma við samtengdar áskoranir. Með hækkandi hitastigi jarðar, sveiflukenndum veðurskilyrðum og breyttu úrkomumynstri er landbúnaðurinn, sem er ein mikilvægasta uppspretta matvöruverslana, viðkvæmur fyrir truflunum sem verða á framleiðslu- og aðfangakeðjum. Þessi óstöðugleiki getur leitt til sveiflna á bæði verði og framboði.

Kortlagning og greining loftslagstengdrar áhættu er nauðsynlegur þáttur í rekstri matvöruverslana ef þær eiga að geta aðlagast og dafnað í breyttu umhverfi. Með því að bera kennsl á hugsanlegar truflanir geta fyrirtæki innleitt aðferðir til að draga úr áhættu, svo sem að auka fjölbreytni innkaupasvæða, bæta skilvirkni í aðfangakeðjunni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við starfsemina.

Með því að greina loftslagstengda áhættur ná fyrirtæki ekki aðeins að standa vörð um starfsemi sína heldur einnig stuðla að sjálfbærari framtíð. Við höfum farið yfir spurningalista sem byggður er á aðferðafræði TCFD (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures) og lagt mat á áhættu en einnig tækifæri og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Bein áhrif af umhverfishættu

	Hætta	Lýsing	Fyrirbyggjandi aðgerðir
Náttúruvá	• Auknar sveiflur í aftakaveðri eins og fellibylir, óveður og flóð • Breytingar á úrkomumynstri og mikill óstöðugleiki í veðri • Hækkandi meðalhiti og hækkandi yfirborð sjávar.	• Hráefnisskortur • Aukin matarsóun vegna óstöðugleika í flutningum, óstöðugleiki í aðfangakeðju. • Erfiðleikar við að tryggja nægilegt magn mikilvægra hráefna. • Hráefnisskortur, • Neikvæð áhrif á matvælaframleiðendur; auknar líkur á sjúkdómum, erfiðari aðstæður fyrir ákveðnar tegundir lífvera.	• Tryggja öruggt flæði flutninga, t.d. með áhættumati, krísustjórnunaræfingum, draga úr sóun, samtöl við birgja • Eiga traust samband við framleiðendur og birgja. • Greina og kortleggja upprunastaði hráefna • Yfirsýn yfir nýjar flutningaleiðir og -svæði. • Styrkja og efla innlenda framleiðslu.

Óbein áhrif af umhverfishættu

Stefnu- og laga-breytingar	• Gjöld og tollar á losun gróðurhúsalofttegunda; auknar kröfur í losunarskýrslu • Fyrirmæli um og reglugerðir sem varða núverandi vörur og þjónustu • Aukin hætta á málaferlum	• Há losunargjöld sem hafa áhrif á vöruverð • Aukinn kostnaður við að mæta kröfum laga og reglna	• Fylgja stefnu Krónunnar um að draga úr losun á kolsýringi í öllum þáttum starfseminnar • Fylgja orkustefnu og aðgerðaráætlun til að draga úr orkunotkun. • Náin samvinna með hagsmunaðilum
Tækni	• Núverandi vörum og þjónustu skipt út fyrir aðrar sem fylgir minni losun • Misheppnuð fjárfesting í nýrri tækni • Kostnaður við að skipta yfir í tæknilausnir með minni losun	• Núverandi vörur og þjónusta tiltölulega ný (slæm fjárfesting); • Ávinningur stenst ekki væntingar eða erfitt að reikna ávinning strax	• Mælingar og greiningar á nýjum fjárfestingum • Markaðslegur ávinningur sem borgar sig með tímanum
Markaðurinn	• Breytingar á hegðun viðskiptavina • Aukin hráefniskostnaður	• Viðskiptavinir vilja eiga viðskipti við fyrirtæki sem sýna samfélagslega ábyrgð og ýta undir þrjá þætti sjálfbærni • Neikvæð áhrif á vöruverð	• Fylgja stefnu Krónunnar um að vinna markvisst að nettó-núll • Tryggja aðkomu innkaupadeildar í sjálfbærnimálum • Nýta skapandi samverkunaráhrif • Ýta undir umhverfisvænni innkaup og bjóða upp á rétt vöruúrval
Orðspor	• Breytingar á væntingum og hegðun neytenda • Atvinnustarfsemi fær á sig slæmt orð • Auknar áhyggjur hagsmunaaðila eða neikvæð viðbrögð hagsmunaaðila	• Neikvæð áhrif á vörumerki ef vöruúrval stenst ekki kröfur viðskiptavina, eða ef Krónan sýnir ekki nægilega samfélagslega og umhverfislega ábyrgð • Neikvæðni í garð starfseminnar, viðskipta vinir kalla eftir sniðgöngu	• Draga úr umhverfisáhrifum í allri virðiskeðjunni, í samfloti við stefnu Krónunnar. • Leggja markaðslega áherslu á umhverfisvænt vöruúrval

Fram á veginn - Markmiðin okkar!

Markmið 2024

Ný markmið sem snúa að umhverfisstefnu

- **Mælingar og greiningar á matarsóun** - hefja mælingar á matarsóun með það að markmiði að lækka umfang lífræns úrgangs.
- **Minnkun almenns sorps um 5%** - úr 474.160 kg niður í 450.452 kg.
- **Hættum með frauðplast fyrir lok árs**
- **Auka hlutfall rafmagnsbíla** fyrir heimsendingar
- **Bæta hlutfall CO2 kæla** – úr 52% yfir 58%
- **Bæta við tveimur Krónukrönum** - á Hvolsvelli og á Selfossi
- **100% LED lýsing**
- **Innleiða sjálfbærnimat birgja** - ná 40% af stærstu birgjum okkar. Ljúka verkefni 2025.
- **Hefja innleiðingu á databar** í samstarfi með birgjum - dregur úr sóun í allri virðiskeðjunni.
- **Byrja að reikna nýja þætti í Umfangi 3**
- **Fræðsla og miðlun til viðskiptavina** um umhverfismál

Ný markmið sem snúa að lýðheilsustefnu

- **Auka hlutfall af umhverfisvottuðum** (2,85%) **og lífrænum vörum** (3,07%) **í vöruframboði**
- **Alla daga ársins tölum við um grænmeti og ávexti** - með það að markmiði að auka sölu í þeim flokki.
- **Fræðsla og miðlun til viðskiptavina** um lýðheilsu

Ný markmið sem snúa að jafnréttisstefnu

- **Viðhalda starfsánægju yfir 4** af 5 stigum mögulegum.
- **Viðhalda jafnlaunavottun**
- **Hvetja fleira starfsfólk til íslenskunáms** þar sem það hefur sýnt sig og sannað að góð grunntök á íslenskunni styrkir fólk í bæði leik og starfi hér á landi.

Langtímamarkmið 2035

Kolefnishlutleysismarkmið í samræmi við SBTi - Krónan verður nettó-núll í umfangi 1, 2 og 3 að hluta, en endanlegum útreikningi fyrir umfang 3 hefur ekki verið lokið. Krónan stuðlar þannig að því að halda lækkun hitastigs jarðar innan við 1,5°C til 2030.



Langtímamarkmið sem snúa að umhverfisstefnu

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING · 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG · 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA · 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Minnkun almenns sorps um 40% árið 2035 (miðað við heildartölu 2023 og óháð stækkun/fjölgun verslana).

Öll kælikerfi í verslunum verða CO2 kælikerfi 2028.

Langtímamarkmið sem snúa að lýðheilsustefnu

3 HEILSA OG VELLÍÐAN · 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG · 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Aukum hlutfall sölu með umhverfis-vottuðum og lífrænum matvælum í 5%.

Langtímamarkmið sem snúa að jafnréttisstefnu

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA · 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR · 10 AUKINN JÖFNUÐUR

Starfsánægja mælist áfram yfir 4,2 af 5 stigum mögulegum.

Yfirlitstöflur, ítar-efni og hugtaka-notkun

UFS YFIRLITSTAFLA:

REKSTRARÞÆTTIR

Rekstrarbreytur	Einingar	2020	2021	2022	2023
Heildartekjur	þúsund ISK	43.104.229	46.784.415	51.331,85	63.158,4
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	449	447	476	497
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m²	35.003	32.499	37.576	38.691
Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda					
Losunarkræfni orku	$kgCO_2í$/MWst	43,7	35,31	25,64	138,68
Losunarkræfni starfsmanna	$kgCO_2í$/stöðugildi	1.438,26	1.131,88	1.270,22	6.792,25
Losunarkræfni tekna	kgCO2í/milljón ISK	14,98	10,81	11,78	53,45
Losunarkræfni á hvern fermetra	$kgCO_2í/m^2$	18,45	15,57	16,09	87,25
Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management					
Orkukræfni					
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	32.914,2	32.057,6	49.538,8	48.976,2
Orkukræfni tekna	kWst/milljón ISK	342,9	306,3	459,4	385,4
Orkukræfni á fermetra	kWst/m²	422,2	440,9	627,5	629,1
Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management					
Úrgangskræfni					
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	5.248,3	4.796,8	4.702,1	4.850,8
Úrgangskræfni tekna	kg/milljón ISK	54,67	45,83	43,6	38,17

LOSUNARBÓKHALD

Mótvægisaðgerðir	Einingar	2020	2021	2022	
Samtals mótvægisaðgerðir	$tCO_2í$	87,1	501,7	605	3376
Mótvægisaðgerðir með skógrækt	$tCO_2í$	87,1	501,7	0	1266
Aðrar mótvægisaðgerðir	$tCO_2í$	0	0	605	2110
Gróðurhúsalofttegundir					
Umfang 1	$tCO_2í$	86,8	120,8	262,2	3.011
Umfang 2 (landsnetið)	$tCO_2í$	140	133,1	219,3	227,4
Umfang 1 og 2	$tCO_2í$	226,8	253,9	481,4	3.238,4

LOSUNARBÓKHALD FRH. :

Umfang 3	$tCO_2í$	419	252,1	123,2	137,3
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	$tCO_2í$	645,8	506	604,6	3.375,7
Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets					
Umfang 1 - Samsetning losunar	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Heildarlosun	$tCO_2í$	86,8	120,8	262,2	3.011
Eldsneytisnotkun farartækja	$tCO_2í$	86,8	120,8	136,6	119,9
Lekalosun	$tCO_2í$	-	-	125,6	2.887,4
Umfang 2 - Samsetning losunar					
Heildarlosun	$tCO_2í$	140	133,1	219,3	227,4
Rafmagn	$tCO_2í$	78,9	67,6	109,6	116,7
Hitaveita	$tCO_2í$	61,1	65,5	109,6	110,8
Umfang 3 - Losun á fyrri stigum					
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri					
Heildarlosun	$tCO_2í$	415,8	243,1	101,5	106,1
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	$tCO_2í$	415,8	243,1	101,5	106,1
Flokkur 6: Viðskiptaferðir					
Heildarlosun	$tCO_2í$	3,2	9	21,7	31,2
Flugferðir	$tCO_2í$	3,2	9	21,7	31,2

UMHVERFISÞÆTTIR

Orkunotkun	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Heildarorkunotkun	**kWst**	**14.778.493**	**14.329.764**	**23.580.467**	**24.341.157**
Jarðefnaeldsneyti	kWst	356.733	489.700	550.353	499.121
Rafmagn	kWst	7.514.722	6.439.678	10.642.243	11.327.119
Hitaveita	kWst	6.907.038	7.400.386	12.387.871	12.514.917
Bein orkunotkun	kWst	356.733	489.700	550.353	499.121
Óbein orkunotkun	kWst	14.421.760	13.840.065	23.030.114	23.842.036
Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management					

UMHVERFISÞÆTTIR FRH. :

Orkusamsetning	Einingar	2020	2021	2022	2022
Heildarorkunotkun	kWst	14.778.493	14.329.764	23.580.467	24.341.157
Jarðefnaeldsneyti	%	2,4%	3,4%	2,3%	2,1%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	97,6%	96,6%	97,7%	97,9%
Kjarnorka	%	0%	0%	0%	0%
Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management					
Eldsneytisnotkun					
Heildareldsneytisnotkun	lítrar	37.287,9	50.253,8	56.443,9	51.370,9
Díselolía	lítrar	20.886	18.737	20.693	20.699
Bensín	lítrar	16.401,4	31.516,6	35.750,5	30.671,9
Vatnsnotkun					
Heildarvatnsnotkun	m^3	198.504,1	193.732,2	305.534,5	311.550,7
Kalt vatn	m^3	79.417,3	66.139,4	91.950,5	95.776,3
Heitt vatn	m^3	119.086,9	127.592,9	213.584	215.774,4
Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management					
Samsetning raforku					
Heildarnotkun raforku	kWst	7.514.722,2	6.439.678,3	10.642.242,7	11.327.119,2
Jarðefnaeldsneyti	%	-	-	-	-
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	100%	100%	100%	100%
Kjarnorka	%	-	-	-	-
Meðhöndlun úrgangs					
Heildarmagn úrgangs	kg	2.356.492	2.144.174	2.238.192	2.410.826
Flokkaður úrgangur	kg	1.695.432	1.668.074	1.640.108	1.902.876
Óflokkaður úrgangur	kg	661.060	471.920	538.904	507.950
Endurunnin úrgangur	kg	1.690.771	1.669.505	2.047.008	2.273.896
Úrgangi fargað	kg	665.721	470.489	132.004	136.930
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	71,9%	77,8%	73,3%	78,9%
Endurvinnsluhlutfall úrgangs	%	71,7%	77,9%	91,5%	94,3%
Viðskiptaferðir					
Heildarvegalengd	km	33.894	101.940	247.057	265.485
Flugferðir	km	33.894	101.940	247.057	265.485

UMHVERFISÞÆTTIR FRH. :

Umhverfisstarfsemi	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management					
Loftlagseftirlit					
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B)					
Mildun loftlagsáhættu					
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	þúsund ISK	-	164,92	627,23	209,88
Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)					

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Launamunur kynja					
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-	-	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	0,71%	0,2%	0,3%	0,5%
S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion					
Starfsmannavelta					
Starfsmenn í fullu starfi					
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	87,6%	58,4%	4,5%	4%
Kyn					
Karlar	%	-	35,6%	2,7%	1,9%
Konur	%	-	22,7%	2,1%	2,3%
Starfsmenn í hlutastarfi					
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	52,2%	37%

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH. :

Aldur					
<20	%	-	-	36%	54%
20-29	%	-	-	12%	21%
30-39	%	-	-	5%	9%
40-49	%	-	-	3%	3%
50+	%	-	-	0%	2%
S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices					
Kynjafjölbreytni	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Starfsmannafjöldi					
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	37%	41%	44%	44%
Framkvæmdastjórn					
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	%	-	100%	100%	100%
Forstöðumenn					
Hlutfall kvenna í stöðu forstöðumanna	%	-	67%	35%	17%
Aðrir stjórnendur					
Hlutfall kvenna í öðrum stjórnendastöðum	%	-	33%	28%	28%
Aðrir starfsmenn					
Hlutfall kvenna af almennum starfsmönnum		-	-	44%	44%
S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion					
Hlutfall tímabundinna starfskrafta					
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-	-	-
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-	-	-
S5|GRI: 102-8|UNGC: P6					
Aðgerðir gegn mismunun					
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já	Já	Já
S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion					
Vinnuslysatíðni					
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0,03%	0,2%	0,5%	0,6%
S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety					
Hnattræn heilsa og öryggi					
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH. :

Fjarvera frá vinnu vegna veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	0,028	0,033	0,03
S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety					
Barna- og nauðungarvinna	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já	Já	Já
S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices					
Mannréttindi					
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Nei	Nei	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	Já	Já
S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations					
STJÓRNARHÆTTIR					
Kynjahlutfall í stjórn	**Einingar**	**2020**	**2021**	**2022**	**2023**
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	66%	60%	40%	40%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	100%	33%	33%	33%
G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)					
Óháði stjórnar					
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%	80%	80%
G2|GRI: 102-23, 102-22					
Kaupaukar					
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Já
G3|GRI: 102-35					
Kjarasamningar					
Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga	%	99%	99%	100%	100%
G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)					
Siðareglur birgja					
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-	
G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)					

STJÓRNARHÆTTIR FRH. :

Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Einingar	2020	2021	2022	2023
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	-
G6|UNGC: P10|SDG: 16|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)					
Persónuvernd					
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já	Já
G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)					
Sjálfbærniskýrsla					
Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-	-	-	-
G8|UNGC: P8					
Starfsvenjur við upplýsingagjöf					
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	-	Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ?	já/nei	Já	Já	Já	Já
G9|UNGC: P8					
Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila					
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Nei	Nei	Já*
G10|UNGC: P8|GRI: 102-56					

*Sjálfbærniupplýsingagjöf Krónunnar byggir á sjálfbærniuppgjöri og -skýrslu Festi sem tekin er út af Deloitte með takmarkaðri vissu.

Um skýrsluna

Skýrsla þessi er unnin af starfsfólki og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá Krónunni og Festi.

Markaðsdeild Krónunnar annaðist ristjórn, hönnun og umbrot skýrslunnar.

Aðstoð við textagerð önnuðust Fjaðurpennar.

Sjálfbærniuppgjörið nær yfir mælda losun Krónunnar auk þess sem gögn hafa verið færð sérstaklega inn um félagslega þætti og stjórnarhætti. Losunarbókhaldið er unnið upp úr kerfi Klappa grænna lausna en það byggir bæði á sjálfvirkum tengingum við fjölmargar gagnalindir ásamt gögnum sem félagið skráir sjálft inn. Samanburðarupplýsingar geta breyst milli ára ef uppfærðum upplýsingum hefur verið streymt í gagnabanka Klappa. Krónan lítur svo á að hér sé um leiðréttingu á raungögnum að ræða og að gögnin séu þar með réttari fyrir vikið. Sjálfbærniuppgjör Krónunnar er unnið upp úr sjálfbærniuppgjöri samstæðu Festi sem tekið er út af þriðja aðila. Einnig staðfesta Klappir að hafa aðstoðað við gerð þess.

Sjálfbærniuppgjör

Móðurfélagið er skráð á aðallista NASDAQ og er sjálfbærniuppgjör þetta unnið með hliðsjón af ESG leiðbeiningum NASDAQ á Íslandi og Norðurlöndum, útgefnum í mars 2017. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exhange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

Kolefnisjöfnun umfangs 1, 2, 3 er sem hér segir:

Umfang 1

Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi, eldsneytisnotkun farartækja samsteypunnar og lekalosun frá kælimiðlum.

Umfang 2

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni í fasteignum og lóðum samsteypunnar.

Umfang 3

Óbein losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Festi, úrgang frá rekstri og viðskiptaferðir.

Takk!